



Fjölskyldur sem misstu húsnæði sitt á nauðungarsölu á Suðurnesjum 2008–2011

Aðdragandi og afdrif

Apríl 2015

Velferðarráðuneytið: Fjölskyldur sem misstu húsnæði sitt á nauðungarsölu á Suðurnesjum 2008–
2011
Apríl 2015

Útgefandi: Velferðarráðuneytið
Hafnarhúsinu við Tryggvagötu
150 Reykjavík
Sími: 545 8100
Bréfasími: 551 9165
Netfang: postur@vel.is
Veffang: velferðarraduneyti.is

Umbrot og textavinnsla: Velferðarráðuneytið

© 2015 Velferðarráðuneytið

ISBN 978-9979-799-94-8

Samantekt

Könnunin sem hér greinir frá var gerð árið 2014 í framhaldi af verkefninu *Nauðungarsala íbúðarhúsnæðis á Suðurnesjum 2001–2011*. Könnunin er tvískipt, annars vegar var gerð símakönnun meðal einstaklinga og fjölskyldna sem misstu íbúðarhúsnæði sitt á Suðurnesjum á nauðungarsölu á árabílinu 2008–2011, hins vegar voru tekin viðtöl við sex einstaklinga úr hópi svarenda í símakönnuninni.

BÚSETA. Rúmlega 81% svarenda býr í dag í leiguhúsnæði og tæp 9% í eigin húsnæði. Um 10% svarenda búa ýmist inni á ættingjum eða hafa afnot af húsnæði í eigu ættingja. Meirihluti svarenda, 65%, býr enn á Suðurnesjum; hærra hlutfall barnafjölskyldna en annarra, eða 74% samanborið við 55% barnlausra fjölskyldna.

Í viðtölum kom fram að viðmælendur búa allir við mikið óryggi og óvissu um stöðu sína í dag og nánustu framtíð. Á það jafnt við um þá sem leigja af fyrrverandi lánardrottni sínum og þá sem leigja á almennum leigumarkaði. Í mörgum viðtalanna kom jafnframt fram að viðmælendum fannst þeir sitja uppi með ákveðinn stimpil hjá fjármálafyrirtækjum og stofnunum vegna nauðungarsölnnar sem hefði þau áhrif að þau fengju ekki lán eða aðra fyrirgreiðslu. Þau upplifa jafnframt mörg mikið úrræðaleysi, jafnt vegna eigin stöðu sem og stöðu mála í landinu á mikilvægum sviðum, s.s. á lánamarkaði, húsnæðismarkaði og vinnumarkaði.

MENNTUN. Um 44% svarenda hafa eingöngu lokið grunnskólaprófi eða minna námi, 49% karla á móti 38% kvenna.

BÖRNIN – ÚRRÆÐI OG ÁHRIF BREYTINGA. Í apríl 2014 voru börn búsett á heimilum helmings svarenda, alls 140 börn á 74 heimilum.

Rúmlega helmingur svarenda með börn á heimili taldi að mikilsverðar breytingar hefðu orðið í lífi barns/barna vegna nauðungarsölu eða breytinga á fjárhag heimilisins. Algengustu breytingar voru skólaskipti (45%), rofin eða minnkuð tengsl við vini sína (32%) og að hætta í tólmstunda- eða íþróttastarfi (15%).

Aðeins sex fjölskyldur af 74 höfðu nýtt sér einhvers konar aðstoð eða ráðgjöf fyrir börn sín í tengslum við flutninga eða skólaskipti. Í viðtölum var það rauður þráður að foreldrar lögðu mikla áherslu á að fjárhagserfiðleikarnir bitnuðu sem minnst á börnunum og að þau vissu sem minnst um þá.

ÚRRÆÐI. Meirihluti svarenda (63%) hafði ekki nýtt sér nein úrræði vegna fjárhags- eða húsnæðisvanda á síðustu árum. Í hópi þeirra sem nýttu sér einhver úrræði var aðstoð umboðsmanns skuldara oftast nefnd. Þá tiltóku 25% svarenda sérstaklega að úrræði sem þeir leituðu eftir hafi ekki komið að gagni. Í viðtölum kom fram ráðaleysi og skortur á þekkingu á þeim úrræðum sem í boði voru á tíma nauðungarsölnnar. Hjá öllum viðmælendum í eigindlegum hluta rannsóknarinnar kom fram að úrræðin gögnuðust ekki vel. Viðmælendur vissu ekki af þeim, skildu þau ekki eða fengu misvísandi upplýsingar frá ólíkum aðilum um hvaða úrræði stæðu til boða og hvernig ætti að bera sig eftir þeim.

GREIÐSLUVANDI. Tæplega 25% svarenda höfðu á síðastliðnum 12 mánuðum komist í vanskil með afborganir af húsnæði, samanborið við 10% heimila á landsvísu á árinu 2012.

STAÐA Á VINNUMARKAÐI. Af svarendum voru 60% á vinnumarkaði í könnunarmánuði, um 9% voru atvinnuleitendur. Hátt hlutfall svarenda er öryrkjar, 26% kvenna og 23% karla. Fleiri konur eru sjálfstætt starfandi en karlar, 18,5% kvenna á móti 10% karla. Á 28% heimila var enginn fullorðinn í launuðu starfi og var í þeim tilvikum oftast um að ræða annað hvort öryrkja eða atvinnuleitendur.

LÍKAMLEG HEILSA OG HAMINGJA. Tæplega 53% svarenda mátu líkamlega heilsu sína sem annað hvort góða eða mjög góða. Hlutfallið er umtalsvert lægra en í könnunum landlæknis og Hagstofu Íslands á landsvísu þar sem hlutfallið er um 77%. Svarendur meta líkamlega heilsu sína mjög ólíkt eftir því hver staða þeirra er á vinnumarkaði. T.d. metur 71% svarenda í hópi sjálfstætt starfandi

heilsu sína mjög góða eða góða samanborið við 2% öryrkja, sem meta heilsu sína góða. Öryrkjar reka lestina í eigin mati á líkamlegri heilsu, en 80% þeirra metur heilsu sína lélega. Svarendur meta heilsu sína að sama skapi mjög ólíkt eftir tekjubilum og fer ánægja með heilsufar hækkandi með hærri tekjum. Að jafnaði mátu konur heilsu sína verri en karlar og merktu sig ívið lægra á hamingjukvarðann en karlar.

SKÝRINGAR Á HÚSNÆÐISMISSI. Eftirfarandi eru algengustu skýringar sem svarendur töldu vera á húsnæðismissinum; forsendubrestur vegna hrunsins 2008 (27,4%); tekjulækkun, með eða án atvinnumissis (26,5%) og of há lán tekin eða of háar afborganir af lánnum (23%). Viðmælendur í viðtölum nefndu margir að þeim hafi boðist hærri lán til íbúðakaupanna en þeim sjálfum fannst forsvaranlegt.

Í LOKIN. Ef til vill má má segja að eitt af því sem stendur upp úr að lokinni þessari könnun sé mikilvægi þess að kanna frekar þjargarleysi skuldara í landinu, með það markmið í huga að skoða hvernig koma megi til móts við þarfir þeirra á þeirra forsendum, til dæmis hvað varðar framsetningu opinberra aðila á upplýsingum, ráðgjöf og leiðbeiningum, svo og framsetningu á reglum um hvernig tekið er á skuldamálum, jafnt almennt sem sértækt fyrir húsnæðisskuldir.

Efnisyfirlit

Samantekt	3
Efnisyfirlit	5
Töflu- og myndayfirlit	6
Inngangur	7
1 Framkvæmd	8
1.1 Þýði og úrtak	8
1.2 Svörun	10
1.2.1 Gögn	10
2 Niðurstöður	11
2.1 Búseta	11
2.2 Menntun	12
2.3 Heimilisgerð	13
2.4 Staða á vinnumarkaði	14
2.5 Tekjur heimila	16
2.6 Líkamleg heilsa	17
2.7 Hamingja	21
2.7.1 Viðtöl um líkamlega heilsu og hamingju	22
2.8 Úrræði	24
2.8.1 Viðtöl um úrræði	25
2.9 Skýringar á húsnæðismissi	28
2.9.1 Viðtöl um skýringar á húsnæðismissi	29
2.10 Breytingar í lífi barna	32
2.11 Úrræði fyrir börn	32
2.11.1 Viðtöl um breytingar og úrræði vegna barna	32
2.12 Greiðsluvandi	35
2.13 Viðtöl um stöðuna í dag og framtíðarsýn	37

Töflu- og myndayfirlit

Töflur

Tafla 1. Nauðungarsala íbúðarhúsnæðis í eigu fjölskyldna á Suðurnesjum 2001–2011.	8
Tafla 2. Lykiltölur þýðis, úrtaks og svörunar.	9
Tafla 3. Fjöldi fjölskyldna sem býr erlendis í könnunarmánuði, skipt eftir löndum.	9
Tafla 4. Hvar á landinu bjó fjölskyldan áður en hún keypti húsnæðið?	11
Tafla 5. Bjó fjölskyldan allan tímann í húsnæðinu - frá kaupum til nauðungarsölu?	12
Tafla 6. Býr fjölskyldan núna í eigin húsnæði, í leiguhúsnæði eða annars konar húsnæði?	12
Tafla 7. Hvert er hæsta stig menntunar sem þú hefur lokið?	13
Tafla 8. Fjöldi barna á heimili, skipt eftir fjölda fullorðinna.	14
Tafla 9. Hver er staða þín á vinnumarkaði? – Skipt eftir kyni svarenda.	14
Tafla 10. Hversu lengi hefur þú verið atvinnulaus? Fjöldi mánaða.	15
Tafla 11. Hver er staða maka þíns á vinnumarkaði?	15
Tafla 12. Staða heimila (svarenda og maka) á vinnumarkaði.	16
Tafla 13. Hvernig metur þú almennt líkamlega heilsu þína?	17
Tafla 14a. Líkamleg heilsa, sjálfsmat, samanburður á niðurstöðum.	18
Tafla 14b. Líkamleg heilsa, sjálfsmat, skipt eftir stöðu svarenda á vinnumarkaði.	19
Tafla 15. Hefur fjölskylda þín nýtt sér einhvers konar úrræði, ráðgjöf eða aðstoð vegna fjárhags- eða húsnæðisvanda á síðustu árum?	24
Tafla 16. Úrræði sem nýtt voru. Fjöldatölur.	24
Tafla 17. Hvers konar úrræði eða aðstoð telur þú að hefðu gagnast fjölskyldu þinni best?	25
Tafla 18. Hverjar telur þú vera helstu skýringarnar á því að fjölskyldan missti húsnæðið?	28
Tafla 19. Skýringar á fjárhags- og húsnæðiserfiðleikum. Samlegðaráhrif þriggja skýringarflokka.	29
Tafla 20. Hafa orðið mikilsverðar breytingar í lífi barnsins/barnanna vegna nauðungarsölu eða breytinga á fjárhag?	32
Tafla 21. Mikilsverðar breytingar í lífi barnsins/barnanna vegna nauðungarsölu eða breytinga á fjárhag.	32
Tafla 22. Hefur fjölskyldan nýtt sér einhvers konar aðstoð eða ráðgjöf fyrir börnin í tengslum við flutninga eða skólaskipti?	32
Tafla 23. Hefur einhvern tíma staðið þannig á, síðustu 12 mánuði, að þú hefur ekki getað greitt húsnæðislán eða leigu á eindaga vegna fjárskorts og þannig lent í vanskilum?	35

Myndir

Mynd 1. Búseta í könnunarmánuði, skipt eftir heimilisgerð.	11
Mynd 2. Hæsta stig menntunar sem svarendur hafa lokið, skipt eftir kyni.	13
Mynd 3. Staða á vinnumarkaði, skipt eftir kyni.	15
Mynd 4. Hverjar eru heildartekjur þínar/heimilis þíns að jafnaði á mánuði fyrir skatt?	16
Mynd 5. Tekjur heimila með og án barna.	17
Mynd 6. Mat svarenda á líkamlegri heilsu á fjórskiptum kvarða, skipt eftir kyni.	18
Mynd 7. Líkamleg heilsa, eftir kyni 2012 og 2014.	19
Mynd 8. Líkamleg heilsa, sjálfsmat, skipt eftir tekjum heimilis. Meðaltekjur.	20
Mynd 9. Líkamleg heilsa, sjálfsmat, eftir stöðu á vinnumarkaði.	20
Mynd 10. Hamingja, sjálfsmat svarenda, skipt eftir sjálfsmati á líkamlegri heilsu.	21
Mynd 11. Þegar á heildina er litið, hversu hamingjusöm/-samur ert þú á kvarðanum 0 til 10?.	22
Mynd 12. Hamingja, sjálfsmat, skipt eftir kyni, borið saman við niðurstöður ESS 2012 á landsvísi.	22
Mynd 13. Vanskil, skipt eftir menntun svarenda. Fjöldatölur.	36
Mynd 14. Vanskil, skipt eftir því hvort fjölskyldan hefur nýtt úrræði eða ekki.	36
Mynd 15. Vanskil, skipt eftir mati svaranda á líkamlegri heilsu.	37
Mynd 16. Vanskil með greiðslur af húsnæði, skipt eftir fjölda barna á heimili.	37

Inngangur

Mikil aukning í nauðungarsölu íbúðarhúsnæðis er einn þáttur fjárhagskreppunnar sem skapaðist í landinu síðla árs 2008. Kreppan hefur komið niður á heimilum og einstaklingum í landinu, atvinnumarkaði og fasteignamarkaði. Nauðungarsala íbúðarhúsnæðis hefur stóraukist á Suðurnesjum á undanförunum árum, sérstaklega frá 2010. Skuldavandi heimilanna er hvergi meiri en á Suðurnesjum þar sem atvinnuleysi er hæst á landinu öllu og nauðungarsölu hlutfallslega flestar.

Könnunin sem hér greinir frá er gerð í framhaldi af verkefninu *Nauðungarsala íbúðarhúsnæðis á Suðurnesjum 2001–2011* sem ráðist var í að frumkvæði sýslumannsins í Keflavík í samvinnu við velferðarvaktina og fjármögnun frá velferðarráðuneytinu. Ráðinn var til framhaldsverkefnisins sami starfsmaður og til fyrra verkefnisins, Lára Kristín Sturludóttir stjórnsýslufræðingur, og stendur velferðarráðuneytið að rannsókninni. Þar er sjónum beint enn frekar að aðdraganda húsnæðismissis einstaklinga og fjölskyldna á Suðurnesjum sem og að afdrifum þeirra sem misstu húsnæði sitt á nauðungarsölu og stöðu þeirra í dag.

Markmið könnunarinnar er að öðlast yfirsýn yfir orsakir fjárhags- og húsnæðisvanda heimila og um afdrif einstaklinga og fjölskyldna, þar sem sérstök áhersla er lögð á barnafjölskyldur. Horft er í því skyni til atriða eins og breytinga í lánaumhverfi, atvinnumálum og almennu efnahagsástandi. Eins er litið til þeirra úrræða sem stjórnvöld hafa gripið til með það að markmiði að bæta stöðu heimila í landinu.

Könnunin er einskorðuð við fjölskyldur sem misstu heimili sín á nauðungarsölu á tímabilinu 2008–2011. Að mótun og afmörkun verkefnisins komu Sigríður Jónsdóttir, sérfræðingur í velferðarráðuneytinu og umsjónarmaður með verkefninu, og Lára Kristín Sturludóttir, sérfræðingur og verkefnastjóri með verkefninu.

Frekari upplýsingar um nauðungarsölu á Suðurnesjum er að finna í skýrslu sem höfundur þessarar skýrslu tók saman og sýslumaðurinn í Keflavík gaf út árið 2012, *Nauðungarsala íbúðarhúsnæðis á Suðurnesjum 2001–2011*.¹

¹ Skýrsluna er að finna á vefjum sýslumannsins í Keflavík, www.syslumenn.is og velferðarráðuneytisins, <http://www.velferdarraduneyti.is/rit-og-skyrslur-vel/nr/33749>

1 Framkvæmd

Könnunin var tvískipt. Annars vegar gerði Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands símakönnun í mars 2014 meðal einstaklinga og fjölskyldna sem misstu íbúðarhúsnæði sitt á nauðungarsölu á tímabilinu 2008–2011. Hins vegar tók höfundur þessarar skýrslu viðtöl við einstaklinga úr hópi svarenda í símakönnuninni sumarið og haustið 2014 og sá um úrvinnslu og skýrslugerð. Leyfi var fengið fyrir könnuninni hjá Persónuvernd.

Kynningarbréf var sent til 339 einstaklinga og fjölskyldna sem misstu íbúðarhúsnæði á nauðungarsölu á árunum 2008 til og með 2011, þar sem jafnframt var upplýst um að hringt yrði á næstu dögum, og fólk beðið um að láta vita áður ef það vildi ekki taka þátt í könnuninni.

1.1 Þýði og úrtak

Á árunum 2008–2011 var alls 441 íbúðareign, í eigu einstaklinga og fjölskyldna² á Suðurnesjum, seld á nauðungarsölu. Alls misstu 405 einstaklingar og fjölskyldur íbúðarhúsnæði sitt á tímabilinu og þar af misstu 36 fjölskyldur tvær eignir á tímabilinu. Í töflu 1 má sjá hvernig salan skiptist á árin fjögur. Til glöggvunar á víðara samhengi nauðungarsölu á Suðurnesjum eru sýndar nauðungarsölutölur aftur til ársins 2001. Í töflunni má greina skil sem verða árið 2005 en þá fækkar nauðungarsölum umtalsvert um tveggja til þriggja ára skeið. Aftur verða skil árið 2010 með gríðarlegri aukningu í nauðungarsölu, úr 59 eignum árið 2009 í 215 eignir 2010. Þennan mun milli áruna 2009 og 2010 má að miklu leyti skýra með aðgerðum stjórnvalda á árinu 2009 sem fólust í að viðbótarfrestir voru veittir í nauðungarsölumálum og ýmis úrræði voru sett á stofn í umsjá umboðsmanns skuldara. Að óbreyttu hefði mikill hluti nauðungarsölu áruna 2010 og 2011 farið fram mun fyrr.

Tafla 1. Nauðungarsala íbúðarhúsnæðis í eigu fjölskyldna á Suðurnesjum 2001–2011.

Ár nauðungarsölu	Eignir
2001	22
2002	28
2003	34
2004	32
2005	12
2006	6
2007	20
2008	47
2009	59
2010	215
2011	120
Alls	595

Þýðið í símakönnuninni er 380 fjölskyldur á Suðurnesjum sem misstu heimili sín á nauðungarsölu á tímabilinu 2008–2011. Í töflu 2 má sjá helstu lykiltölur um þýði, úrtak og svörun í símakönnuninni. Í þeim 36 tilvikum þar sem fjölskylda missti tvær íbúðir á tímabilinu var aðeins spurt um fyrri eignina. Af þeim sem svörðu í símakönnuninni ætluðu 13 fjölskyldur, eða 8% af 163 svarendum, ekki að nýta húsnæðið til búsetu fyrir fjölskylduna. Hér er gert ráð fyrir að sama hlutfall eigi við um þá sem ekki náðist í, alls áætlaðar 12 fjölskyldur. Fjölskyldur sem þannig háttar um eru því ekki hluti af þýði og

² Í skýrslunni er með orðinu fjölskylda jafnt vísað til einhleypra og barnlausra einstaklinga sem fjölskyldna með barn eða börn á heimili.

úrtaki, en óhægt er um vik að fá staðfestan fjölda þeirra, sjá yfirlit í töflu 2. Þeir sem svörðu og gáfu upp annan tilgang íbúðarhúsnæðisins en að búa í því, ætluðu að leigja það út (5) selja það aftur (4) eða nýta það á annan hátt (4).

Tafla 2. Lykiltölur þýðis, úrtaks og svörunar.

Fjöldi	
Íbúðarhúsnæði í eigu fjölskyldna, seldar á nauðungarsölu	441
Fjölskyldur sem misstu tvær íbúðareignir	-36
Fjölskyldur sem misstu íbúðarhúsnæði, alls	→ 405
Húsn. ekki ætlað til búsetu, staðfest	-13
Húsn. ekki ætlað til búsetu, áætlað	-12
Þýði: Fjölskyldur sem misstu <u>heimili</u> sitt	→ 380
Búsettir erlendis á könnunartíma	-45
Úrtak: Fjölskyldur búandi á Íslandi sem misstu <u>heimili</u> sitt	→ 335
Svör við spurningalista	-150
Svarhlutfall (150 af 335)	→ 44,8%
Brottfall: Alls	→ 185
: Neita að svara	43
: Tala ekki íslensku	5
: Látnir	3
: Næst ekki í	47
: Símanúmer finnst ekki	87

Úrtakið í símakönnuninni, 335 fjölskyldur, er allt þýðið (380 fjölskyldur) að undanskildum þeim 45 einstaklingum og fjölskyldum þar sem eini eigandi húsnæðisins, eða báðir tveggja eigenda, var með skráð lögheimili erlendis í könnunarmánuði. Úrtaksgerðin heyrir þannig undir hentugleikaaðferð (e. convenience sampling) og er úrtakið þannig strangt til tekið dæmigert fyrir þann hluta þýðisins sem skráður var með búsetu á Íslandi í könnunarmánuði. Í töflu 3 má sjá skiptinguna á búsetu þeirra einstaklinga og fjölskyldna sem búsettir voru erlendis í könnunarmánuði.

Tafla 3. Fjöldi fjölskyldna sem býr erlendis í könnunarmánuði, skipt eftir löndum.

Land	Fjöldi
Noregur	16
Danmörk	8
Pólland	5
Svíþjóð	3
Bandaríkin	3
Litháen	2
Annars staðar í Evrópu	7
Annars staðar utan Evrópu	1
Alls	45

Þýðið í viðtalskönnuninni samanstendur af þeim 150 fjölskyldum sem tóku þátt í símtalskönnuninni og höfðu búið á einhverjum tíma í húsnæðinu sem var selt á nauðungarsölu, eða ætlað það til búsetu fyrir fjölskylduna. Valið var með hentugleikaaðferð í viðtölin. Alls voru tekin 6 viðtöl, fjögur viðtöl á

heimili viðmælenda og tvö annars staðar. Viðtölin tóku á bilinu 45 til 90 mínútur. Viðtölin voru hljóðrituð og afrituð í ritvinnsluforrit.

1.2 Svörun

Í símakönnuninni svöruðu 163 einstaklingar og samþykktu að taka þátt í könnuninni. Af þeim höfðu 13 svarendur aldrei búið í húsnæðinu og höfðu keypt húsnæðið í öðrum tilgangi en að búa þar. Þeir einstaklingar voru ekki spurðir fleiri spurninga og er fjöldi svarenda í símakönnuninni því samtals 150, 44,8% svarhlutfall af úrtakinu og búa á 335 heimilum, sjá yfirlit í töflu 2.

Þegar tveir eigendur voru skráðir fyrir húsnæðinu var ákveðið að hvor eigandinn sem væri mætti svara spurningalistanum. Þrátt fyrir þetta tókst ekki að finna símanúmer hjá 87 fjölskyldum (31,5%) sem voru á úthringilista og ekki náðist í aðrar 47 fjölskyldur (14%) á hringilistanum. Af úrtakinu höfnuðu 43 fjölskyldur (14%) þátttöku og þrjár voru látnir. Hér er gerður greinarmunur á úthringilista og úrtaki þar sem áætlað er að tiltekinn fjöldi fólks á úthringingalista hafi keypt íbúðina í öðrum tilgangi en til búsetu fyrir fjölskyldu, eins og framfar var skýrt frá, og eigi því ekki heima í úrtakinu.

Langflestir svarendur svöruðu könnuninni símleiðis, 140 eða 93% svarenda, en 10 einstaklingar kusu að fá spurningalistann sendan með tölvupósti og skiluðu síðan svörum sínum með sama hætti. Í u.þ.b. 90% tilvika svaraði sá eigandi húsnæðisins spurningunum sem skráður var á undan í fasteignaskrá. Í fyrri könnun hafði fengist staðfest að nokkuð jafnt skiptist hvort kona eða karl er skráð á undan sem eigandi í fasteignaskrá svo það hefur ekki áhrif á svarhlutfall milli karla og kvenna.

Við athugun reyndist samsetning svarenda endurspeglar þýði og úrtak ágætlega hvað varðar kyn svaranda, sveitarfélag íbúðarhúsnæðisins sem selt var á nauðungarsölu, fjölda skráðra eigenda húsnæðisins og heimilisgerð hvað varðar börn á heimili. Aldursdreifing svarenda er hins vegar nokkuð ólík í þýði og úrtaki og eru svarendur að meðaltali nokkuð yngri en meðalaldur þýðis og úrtaks og munar þar um 10 árum.

1.2.1 Gögn

Gögn könnunarinnar eru svör úr símakönnun frá 150 einstaklingum og svör úr viðtalskönnun frá sex einstaklingum.

Til viðbótar eru gögn úr rannsókn sýslumannsins í Keflavík *Nauðungarsala íbúðarhúsnæðis á Suðurnesjum* 2001–2011. Leyfis var aflað meðal svarenda í símakönnun til að keyra saman niðurstöður rannsóknar sýslumannsembættisins og símakönnunarinnar sem hér greinir frá og fékkst skriflegt leyfi frá 106 svarendum, eða 71% þeirra sem svöruðu öllum listanum. Félagsvísindastofnun heldur samþykktargögnum til haga.

Allir sem að framkvæmd könnunarinnar koma eru bundnir þagnarheiti og þátttakendur njóta nafnleyndar í könnuninni. Gögnum verður eytt að könnun lokinni.

2 Niðurstöður


2.1 Búseta

Meirihluti svarenda, 95 talsins (63%), bjó á Suðurnesjum áður en húsnæðið var keypt sem viðkomandi missti síðar á nauðungarsölu. Fjórðungur svarenda hafði verið búsettur á höfuðborgarsvæðinu, eða alls 38 svarendur, en 17 svarendur, um 11%, komu frá öðrum landssvæðum (15) eða höfðu búið erlendis (2), sjá töflu 4.

Tafla 4. Hvar á landinu bjó fjölskyldan áður en hún keypti húsnæðið?

Búseta	Fjöldi	Hlutfall (%)
Á Suðurnesjum	95	63,3
Á höfuðborgarsvæðinu	38	25,3
Annars staðar	17	11,4
Alls	150	100,0

Á mynd 1 er sýnt hvar svarendur voru búsettir í könnunarmánuðinum, skipt eftir fjölskyldugerð, með eða án barna á heimili. Meirihluti svarenda, um 64,7%, bjó áfram á Suðurnesjum í kjölfar nauðungarsölnnar. Þetta hlutfall er hærra fyrir fjölskyldur með börn, 74,3%, á móti 55,3% barnlausra fjölskyldna. Hærra hlutfall barnlausra fjölskyldna (30%) en fjölskyldna með börn (11%) flutti hins vegar á höfuðborgarsvæðið eftir missi húsnæðisins.



Mynd 1. Búseta í könnunarmánuði, skipt eftir heimilisgerð. N=150.

Búseta svarenda á þeim tíma sem húsnæðið var í þeirra eigu, þ.e. í kjölfar húsnæðiskaupanna en áður en þeir misstu það á nauðungarsölu, skiptist eins og tafla 5 sýnir. Af svarendum bjuggu 92 fjölskyldur, eða 56%, allan tímann í húsnæðinu meðan það var í eigu þeirra. Á meðan 53 fjölskyldur, 34% svarenda, bjuggu aðeins hluta tímans í íbúðinni og loks höfðu fjórar fjölskyldur ekki enn flutt í húsnæðið þegar það var selt á nauðungarsölu, þótt það hafi staðið til.

Tafla 5. Þjó fjölskyldan allan tímann í húsnæðinu - frá kaupum til nauðungarsölu?

	Fjöldi	Hlutfall (%)
Þjuggu í íbúðinni allan tímann frá afhendingu til nauðungarsölu	92	61,7%
Þjuggu í íbúðinni þegar nauðungarsöllumál var stofnað	15	10,1%
Þjuggu í íbúðinni fyrst eftir kaupin á henni	38	25,5%
Þjuggu aldrei í íbúðinni	4	2,7%
Alls	149	100,0%

Tafla 6 sýnir að flestir svarendanna búa í dag í leiguhúsnæði, eða rúmlega 81%. 13 fjölskyldur, eða 8,8%, búa í eigin húsnæði og 15 einstaklingar (10,1%) búa í annars konar húsnæði, ýmist með afnot af húsnæði í eigu tengdra aðila eða inni á heimili einhvers tengds aðila. Einn einstaklingur sagðist hvergi eiga heimili, vera á götunni.

Tafla 6. Þýr fjölskyldan núna í eigin húsnæði, í leiguhúsnæði eða annars konar húsnæði?

	Fjöldi	Hlutfall (%)
Í leiguhúsnæði	120	81,1%
Í eigin húsnæði	13	8,8%
Í annars konar húsnæði	15	10,1%
Alls	148	100,0%

Einhver hluti þeirra svarenda sem í dag býr í leiguhúsnæði leigir af þeim aðila sem keypti húsnæðið á nauðungarsölu, í flestum tilvikum skuldareiganda, banka eða íbúðalánasjóði. Um þetta var ekki sérstaklega spurt í könnuninni en lausleg athugun bendir til þess að þetta geti verið raunin í allt að fjórðungi tilvika. Í slíkum tilvikum þarf að gera greinarmun á hugtökunum *heimili* og *íbúðarhúsnæði* og hefur fjölskyldan þá ekki misst heimili sitt í þeirri eiginlegu merkingu þótt hún hafi misst eignina og eignarhald íbúðarinnar.

Fjórir viðmælenda í viðtalshluta könnunarinnar búa í dag í leiguhúsnæði og tveir búa inni á ættingjum og fyrrverandi tengdafólki. Af viðtölunum er ljóst að allir viðmælendurnir búa við mikið óöryggi og óvissu um framtíðina og á það jafnt við um þau sem leigja af fyrrverandi lánardrottni sínum og á almennum leigumarkaði. Um þetta er fjallað aftar í kaflanum *Viðtöl um stöðuna í dag*.


2.2 Menntun

Þátttakendur voru spurðir um hæsta stig menntunar sem þeir hefðu lokið og er skiptingin sýnd í töflu 7. Tæplega 44% svarenda hafa lokið grunnskóla eða minni menntun, 45% hafa lokið námi á framhaldsskólastigi, þar af 26,2% iðnnámi/verklegu námi, og rúmlega 11% svarenda hafa lokið námi á háskólastigi.

Tafla 7. Hvert er hæsta stig menntunar sem þú hefur lokið?

	Fjöldi	Hlutfall (%)
Grunnskólapróf eða minna	65	43,6
Iðnnám/verklegt nám á framhaldsskólastigi	39	26,2
Starfsnám	16	10,7
Bóklegt nám á framhaldsskólastigi	12	8,1
Nám í sérskóla á háskólastigi	4	2,7
Grunnnám í háskóla	13	8,7
Alls	149	100,0

Á mynd 2 má sjá hvernig menntun svarenda skiptist eftir kyni. Myndin sýnir bæði fjöldatölur (í súlunum sjálfum) og hlutfall (í kvarðanum sem sýnir menntunarstig hjá hvoru kyni upp í 100%). Iðnmenntun og starfsmenntun eru saman í flokki og eins nám í sérskóla á háskólastigi og grunnnám í háskóla. Hærra hlutfall kvenna (17%) en karla (7%) hefur lokið námi á háskólastigi (11 konur og 5 karlar) og um 10% kvenna hafa lokið bóklegu námi á framhaldsskólastigi á móti um 5% karla (9 konur og 3 karlar). Hærra hlutfall karla hefur lokið starfs- eða iðnmenntun, um 40% á móti 30% kvenna. Tæplega helmingur karla hefur lokið grunnskólaprófi eða minni menntun á móti 38% kvenna (35 karlar og 25 konur).



Mynd 2. Hæsta stig menntunar sem svarendur hafa lokið, skipt eftir kyni. N=137.

2.3 Heimilisgerð

Fjöldi fullorðinna og barna, á heimilum svarenda í könnunarmánuðinum, skiptist eins og sýnt er í töflu 8. Á nálægt 55% heimila voru tveir fullorðnir á heimilinu og svarendur annað hvort í hjónabandi eða sambúð og á tæplega 23% heimila var einn fullorðinn og svarendur ýmist fráskildir, 16,5%, einhleypir eða ekklar/ekkjur.

Börn voru búsett á um helmingi heimila í könnunarmánuðinum, alls 140 börn á 74 heimilum. Ef gera má ráð fyrir að fjöldi barna dreifist eins á öll heimili í þýðinu (380 heimili) eru börnin, 17 ára og yngri, um 362 talsins í 189 barnafjölskyldum sem misstu íbúðarhúsnæði sitt á árunum 2008–2011 á Suðurnesjum.

Tafla 8. Fjöldi barna á heimili, skipt eftir fjölda fullorðinna.

	Einn fullorðinn	Tveir fullorðnir	Alls heimili
Engin börn	42	33	75
Eitt barn	13	18	31
Tvö börn	8	14	22
Þrjú börn	4	14	18
Fjögur börn	0	1	1
Fimm börn	0	1	1
Alls fjöldi heimila	67	81	148

2.4 Staða á vinnumarkaði


Tafla 9 sýnir stöðu svarenda á vinnumarkaði í könnunarmánuði. Stærstur hluti þeirra var í launuðu starfi á vinnumarkaði, ýmist sem launþegar, sjálfstætt starfandi eða atvinnurekendur, alls 60,4%. Fleiri konur (18,5%) en karlar (9,7%) eru sjálfstætt starfandi eða atvinnurekendur.

Í töflunni er sýnd skiptingin eftir kyni og reyndist lítil munur vera á stöðu karla og kvenna í hópi svarenda. Litlu hærra hlutfall kvenna (9,2%) en karla (8,3%) var atvinnuleitendur. Lítið eitt hærra hlutfall kvenna (26,2%) en karla (23,6%) var öryrkjar.

Tafla 9. Hver er staða þín á vinnumarkaði? – Skipt eftir kyni svarenda.

	Karlar		Konur		Alls	
	Fjöldi	Hlutf. (%)	Fjöldi	Hlutf. (%)	Fjöldi	Hlutf. (%)
Launþegar	36	50,0	27	41,5	63	46,0
Sjálfstætt starfandi/atv.rekandi (1)	7	9,7	12	18,5	19	13,9
Öryrki	17	23,6	17	26,2	34	24,8
Atvinnuleitandi	6	8,3	6	9,2	12	8,8
Í námi	3	4,2	1	1,5	4	2,9
Annað	3	4,2	2	3,1	5	3,6
Samtals	72	100,0	65	100,0	137	100,0

Á mynd 3 er sýnd staða á vinnumarkaði, skipt eftir kyni. Fjöldatölur eru sýndar í súlunum, en einnig má sjá hlutfallslega skiptingu. Á myndinni er steypt saman þeim sem eru launþegar, atvinnurekendur og sjálfstætt starfandi og nefnt *Á vinnumarkaði*.



Mynd 3. Staða á vinnumarkaði, skipt eftir kyni. N=137.

Svarendur sem voru í stöðu atvinnuleitenda, sex konur og sex karlar, voru spurðir hversu lengi þeir hefðu verið án vinnu. Skiptinguna má sjá í töflu 10. Stærsti einstaki hópurinn hafði verið án vinnu í einn til sex mánuði og tveir höfðu verið án atvinnu, með hléum þó, í um það bil fimm ár, eða frá 2009.

Tafla 10. Hversu lengi hefur þú verið atvinnulaus? Fjöldi mánaða.

	Fjöldi	Hlutfall (%)
1-6 mánuðir	5	41,7
7-12 mánuðir	3	25,0
1-2 ár	1	8,3
Atvinnulaus núna og með hléum í 5 ár	2	16,7
Veit ekki	1	8,3
Alls	12	100,0

Þeir svarendur sem voru í hjónabandi eða sambúð voru spurðir um stöðu maka á vinnumarkaði. Í töflu 11 má sjá skiptinguna. Í hópi maka svarenda voru tæp 68% á vinnumarkaði, sem er töluvert hærra en hlutfall svarenda sjálfra, en hlutfall öryrkja og atvinnuleitenda í hópi maka er ekki ósvipað hlutfallinu í hópi svarenda.

Tafla 11. Hver er staða maka þíns á vinnumarkaði?

	Fjöldi	Hlutfall (%)
Í launuðu starfi	46	56,8
Sjálfstætt starfandi/atv.rekandi (1)	9	11,1
Öryrki	15	18,5
Atvinnuleitandi	7	8,6
Heimavinnandi og í námi	4	4,9
Alls	81	100,0

Í töflu 12 er sýnd staða á vinnumarkaði, skipt eftir fjölskyldum með einn eða tvo fullorðna, þ.e. ýmist í hjónabandi/sambúð eða einhleypir/fráskildir/ekkjur/ekklar. Til einföldunar hefur stöðu á vinnumarkaði einnig verið fækkað í tvo flokka, þ.e. þá sem eru í launuðu starfi á vinnumarkaði og þá sem ekki eru í launuðu starfi.


Þegar tekin er saman staðan eftir fjölda þeirra fullorðinna á hverju heimili sem er á vinnumarkaði má sjá að á 27% heimila eru tveir á vinnumarkaði og á rúlega 24% heimila eru einhleypir á vinnumarkaði og á tæplega 28% heimila er enginn fullorðinn á vinnumarkaði.

Tafla 12. Staða heimila (svarenda og maka) á vinnumarkaði.

Hjúskaparstaða og atvinnustaða	Fjöldi	Hlutfall (%)
Par – bæði á vinnumarkaði	40	27%
Par – annað á vinnumarkað	31	20,9%
Par – bæði utan vinnumark.	10	6,8%
Einhleypir á vinnumarkaði	36	24,3%
Einhleypir utan vinnumark.	31	20,9%
Alls	148	100,0%

2.5 Tekjur heimila

Í símakönnuninni var spurt um tekjur heimilisins og voru svarendur beðnir að staðsetja sig á tekjubíl eins og sýnt er á mynd 4. 16 heimili, eða tæp 12%, voru með heimilistekjur undir 200 þúsund kr. Heimilistekjur voru nokkuð hærrí á heimilum með börn en á barnlausum heimilum, sjá mynd 5.



Mynd 4. Hverjar eru heildartekjur þínar/heimilis þíns að jafnaði á mánuði fyrir skatt? N=137 heimili.



Mynd 5. Tekjur heimila með og án barna. N=137.

2.6 Líkamleg heilsa

Þátttakendur voru fengnir til að meta líkamlega heilsu sína á fjögurra punkta kvarða og segja til um hvort þeim fyndist líkamleg heilsa sín vera mjög góð, góð, sæmileg eða léleg. Niðurstöður sýna mikla breidd í mati svarenda, sjá töflu 13. Ekki er sérlega mikill munur á fjölda í þeim fjórum flokkum sem svarmöguleikarnir buðu upp á. Stærsti hópurinn er sá sem metur líkamlega heilsu sína mjög góða (30%), en næst stærstur er hópur þeirra sem segja hana vera lélega (26%).

Tafla 13. Hvernig metur þú almennt líkamlega heilsu þína? - Finnst þér hún vera mjög góð, góð, sæmileg eða léleg?

	Fjöldi	Hlutfall (%)
Mjög góð	45	30,0
Góð	34	22,7
Sæmileg	32	21,3
Léleg	39	26,0
Alls	150	100,0

Þessi dreifing er nokkuð óvenjuleg þar sem hærra hlutfall svarenda gefur upp jaðargildi, þ.e. *mjög góð* annars vegar og *léleg* hins vegar. Algengara er að hærra hlutfall svarenda í spurningum af þessu tagi sé nær því að normaldreifast, þ.e. þjappast nær miðbiki kvarðans. Það á meðal annars við um niðurstöðu í könnun Landlækniseðbættisins þar sem fullorðnir landsmenn svara sömu spurningum í framhaldskönnun um heilsu og líðan Íslendinga.³

Í töflu 14a eru niðurstöður úr spurningunni um líkamlega heilsu bornar saman við nýjustu niðurstöður landlæknis frá árinu 2012. Í skýrslu landlæknis er sýnt hlutfall Íslendinga sem meta líkamlega heilsu sína annað hvort góða eða mjög góða, skipt eftir sjö heilbrigðisumdæmum landsins. Samkvæmt skýrslu landlæknis meta 77% landsmanna heilsu sína góða eða mjög góða árið 2012. Hlutfallið fyrir svarendur í heilbrigðisumdæmi Suðurnesja er nokkuð lægra en landsmeðaltalið, eða 70–75%. Í símakönnuninni sem hér greinir frá, í apríl 2014, er þetta hlutfall hins vegar umtalsvert lægra, eða 52,7%.


³ Könnun landlæknis var framkvæmd 2007, 2009 og 2012, sjá vef Landlækniseðbættisins, www.landlaeknir.is/tolfraedi-og-rannsoknir/rannsoknir/heilsa-og-lidan-islendinga/.

Tafla 14a. Líkamleg heilsa, sjálfsmat, samanburður á niðurstöðum* fyrir Suðurnes 2014; fyrir heilbrigðisumdæmi Suðurnesja 2012; og fyrir landið allt 2012.

	Suðurnes 2014 (%)	Suðurnes 2012 (%)	Landið allt 2012 (%)
Mjög góð / Góð	52,7	72,5 (70-75)	76,9
Sæmileg / Léleg	47,3	27,5 (25-30)	23,1
Alls	100,0	100,0	100,0

* Suðurnes 2014= símakönnunin sem hér greinir frá; Suðurnes 2012= heilbrigðisumdæmi Suðurnesja skv. könnun landlæknis 2012; Landið allt 2012= heildarniðurstöður landlæknis 2012.


Hærra hlutfall kvenna en karla, í hópi svarenda, metur heilsu sína lélega (30% á móti 22%). Mun fleiri karlar, um 34%, meta heilsu sína mjög góða, samanborið við 26% kvenna. Sé kvarðanum skipt um miðju, skipa karlar og konur sér í svipuðum hlutföllum á efri og neðri hluta kvarðans, þannig að um 52% kvenna á móti 54% karla meta heilsu sína annað hvort góða eða mjög góða og 48% sæmilega eða lélega, sjá mynd 6.



Mynd 6. Mat svarenda á líkamlegri heilsu á fjórskiptum kvarða, skipt eftir kyni. N=138.

Á mynd 7 eru niðurstöðurnar eftir kyni bornar saman við niðurstöður landlæknis frá 2012. Þegar litið er til fjölda þeirra sem meta líkamlega heilsu sína á efri hluta kvarðans, annað hvort góða eða mjög góða, er mikill munur á könnunum tveimur. Samkvæmt könnun landlæknis mátu 80% karla og 75% kvenna á landinu öllu heilsu sína góða eða mjög góða. Þær hlutfallstölur eru jafnframt í samræmi við tölur úr lífshagkerfi Hagstofu Íslands frá 2013⁴ þar sem spurt er svipaðrar spurningar. Í könnuninni hér, meðal Suðurnesjabúa sem hafa misst íbúðarhúsæði sitt á nauðungarsölu, mátu hins vegar aðeins 54% karla og 52% kvenna heilsu sína annað hvort góða eða mjög góða. Hærra hlutfall svarenda meðal Suðurnesjabúanna metur heilsu sína lélega; 22% karla og 30% kvenna, á móti 2,7% karla og 4,8% kvenna á landsvísi í könnun landlæknis.

⁴ Hagstofa Íslands 2014, www.velferdarraduneyti.is/media/rit-og-skyrslur-2014/Felagsvisar_2014.pdf



Mynd 7. Líkamleg heilsa, eftir kyni 2012 (landlæknir á landsvísu) og 2014 (svarendur hér, á Suðurnesjum). Hlutfallstölur. N=138 og N-landlæknir=3.439.


Þegar svörum um líkamlega heilsu er skipt eftir stöðu á vinnumarkaði kemur í ljós að óvenjulega hátt hlutfall öryrkja í svarendahópnum litar þetta lága hlutfall þeirra sem meta líkamlega heilsu sína góða eða mjög góða. Í töflu 14b má sjá að 94% öryrkja meta líkamlega heilsu sína sæmilega eða lélega. Jafnframt að öryrkjar eru fjórðungur svarenda.

Tafla 14b. Líkamleg heilsa, sjálfsmat, skipt eftir stöðu svarenda á vinnumarkaði. N=149.

	Léleg - Sæmileg	Hlutfall innan hóps	Góð - Mjög góð	Hlutfall innan hóps	Alls	Hlutfall svarenda
Í launuðu starfi	23	33%	46	67%	69	46%
Sjálfstætt starfandi	6	30%	14	70%	20	13%
Öryrki	34	94%	2	6%	36	24%
Atvinnuleitandi	6	43%	8	57%	14	9%
Aðrir	2	20%	8	80%	10	7%
Alls	71	48%	78	52%	149	100%


Á mynd 8 er sýnt hvernig svarendur meta líkamlega heilsu sína, skipt eftir tekjum heimilis og fara saman hærri tekjur og betri heilsa. Reiknaðar voru meðaltekjur innan hópanna fjögurra. Þessar niðurstöður eru í samræmi við niðurstöður úr lífsskjarakönnun Hagstofunnar frá 2013⁵ en þar kemur fram að 73% þeirra sem eru í lægsta fimmtungabili ráðstöfunartekna meta heilsu sína góða eða mjög góða, á móti 82% þeirra sem eru í efsta fimmtungabili.

⁵ Sama.




Mynd 8. Líkamleg heilsa, sjálfsmat, skipt eftir tekjum heimilis.
Meðaltekjur. N=137.

Á mynd 9 er sýnt hvernig svarendur meta líkamlega heilsu sína, skipt eftir stöðu þeirra á vinnumarkaði. Hlutfall svarenda sem mátu líkamlega heilsu sína annað hvort góða eða mjög góða er hæst í hópi sjálfstætt starfandi (71%), því næst í hópi launþega (67%), þá í hópi atvinnulausra (58%). Öryrkjar reka lestina, 2% þeirra meta líkamlega heilsu sína góða, en 80% þeirra meta heilsu sína lélega.



Mynd 9. Líkamleg heilsa, sjálfsmat eftir stöðu á vinnumarkaði. N=140.

Á mynd 10 er sýnt sambandið milli líkamlegrar heilsu og mats svarenda á því hversu hamingusamir þeir eru. Mati á hamingju hefur verið skipt í tvo hópa sem skiptast neðan og ofan við miðju kvarðans þar sem miðgildinu 5 er skipt jafnt milli hópanna tveggja. Línulegt jákvætt samband kemur fram þannig að saman fer betra mat á heilsu og hærra mat á hamingjukvarðanum.




Mynd 10. Hamingja, sjálfsmat svarenda, skipt eftir sjálfsmati á líkamlegri heilsu. N=145.

2.7 Hamingja

Þátttakendur voru fengnir til að meta hversu hamingjusamir þeir væru, á kvarða frá 0 til 10, þar sem 0 merkir gífurlega óhamingjusamur/-söm og 10 merkir gífurlega hamingjusamur/-söm. Notast var við kvarða úr rannsókninni *Félagslegt umhverfi Evrópu* (Europe Social Survey, ESS)⁶ og niðurstöður bornar saman við niðurstöður ESS fyrir Ísland sem Félagsvísindastofnun lagði fyrir fullorðna Íslendinga á landsvísu árið 2012.


Yfirgnæfandi meirihluti svarenda í könnuninni hér, um 70%, staðsetur sig ofan við miðgildi kvarðans (gildið 5). Með einfaldri skiptingu um miðjan kvarðann kemur í ljós að 83% segjast vera hamingjusöm en 13% óhamingjusöm. Á mynd 11 má sjá samanburð við mat svarenda í ESS könnuninni á landsvísu frá 2012. Svarendur frá Suðurnesjum (2014) meta sig síður hamingjusama en svarendur í ESS-könnuninni.

⁶ Gögnin sótt 5. desember 2014 af vef Europe Social Survey
<http://www.europeansocialsurvey.org/download.html?file=ESS6IS&c=IS&y=2012&loggedin>.



Mynd 11. Þegar á heildina er litið, hversu hamingjusöm/-samur ert þú á kvarðanum 0 til 10? Samanburður við könnun ESS 2012 á landsvísu. Hlutfallstölur : N=145 og ESS/N=746.

Konur mátu sig að jafnaði síður hamingjusamar en karlar og var meðalgildi kvenna 5,2 á hamingjukvarðanum á móti 5,9 hjá körlum. Á mynd 12 má sjá hlutfallslega dreifingu svara og samanburð eftir kyni, borið saman við niðurstöður ESS-könnunarinnar árið 2012.



Mynd 12. Hamingja, sjálfsmat, skipt eftir kyni, borið saman við niðurstöður ESS 2012 á landsvísu. Hlutfallstölur. N=145 og N/ESS=746.

2.7.1 Viðtöl um líkamlega heilsu og hamingju

Viðmælendur voru spurðir um líkamlega heilsu og hamingju og fengnir til að meta hversu hamingjusamir þeir væru með aðstoð sama hamingjukvarða og notast var við í símakönnuninni. Jafnframt voru viðmælendur spurðir um breytingar á heilsufari. Hér á eftir fara útdrættir úr svörum þeirra og eru innskot og spurningar spyrjandans merkt innan sviga.

V#1 (Giftur faðir með þrjú börn á ólíkum aldri, höfðu búið áður í Reykjavík)

Hamingjukvarði: 6.o.

Ég hef gegnum tíðina verið í svona fimm mínus, en eftir hamaganginn (varðandi húsnæðis- og fjárhagsvandann) nær sex. (Sp. Aðeins hamingjusamari sem sagt?) – Já, jafnvel verulega, verulega. Þegar maður bara ... eftir að hafa staðið í streði alltaf að standa sig. Ég var eina fyrirvinnan. Konan alltaf í heilsuvandræðum, er með erfðasjúkdóm – þannig að upp úr tvítugu fer að halla undan hjá henni. Eftir hrunið höfum við bæði leitað aðstoðar vegna þess og allt batnaði við það.

Líkamleg heilsa: Ég er stálhraustur, aldrei neitt að heilsufarinu hjá mér – ekkert pláss fyrir veikindi (hlær).

V#2 (Fráskilin móðir með eina dóttur í grunnskóla)

Hamingjukvarði: 2.o.

(Sp. Þannig að þú ert svona frekar óhamingjusöm?)

– Já.

(Hefur heilsufar breyst hjá þér eftir nauðungarsöluna?) – Já, til hins verra. Ég bara brotnaði saman. Ég fékk bara taugaáfall. Mér fannst bara heimurinn hrynja – og leitaði inn á Landspítala. (Sp. Og fékkstu góða hjálp þar?) – Já. Var þar í viku og er búin að vera á jafnvægislyfjum síðan. Taugaáfall, áhyggjur af framtíðinni þú veist, hvernig á ég að ... bara skömmin gagnvart fjölskyldunni og allt. Mér fannst erfitt að „feisa“ fólk – mér fannst eins og ég – mér leið eins og ég hefði brotið af mér.

(Sp. Og er það frá því í nauðungarsölnunni?) – Frá því ég missti öryggið já.

(En hvernig er heilsan í dag?) – Sæmileg bara.

(Sp. Betri eða verri en fyrir einu ári?) – Nokkuð betri. Reyndar er hún betri síðan ég fór að stunda prógrammið mitt (Innskot: tiltekið prógram með líkamsrækt í bland við hugrækt).

V#3 - (Fráskilinn faðir með tvö börn á framhaldsskólaaldri)

Hamingjukvarði: Já, ég er mjög hamingjusamur. (Innskot: kvarðinn útskýrður) Ég held ég sé bara svona ... svona sex til sjö. Ég held það séu ekki til manneskjur sem eru með 10 og ég held að manneskja sem er með 0 – ég held að hún hljóti að vera búin að finna friðinn (brosir) – það hlýtur að vera – er það ekki?

Heilsufar: Ég verð að telja mig mjög heilsuhraustan. Ég verð til dæmis ekki veikur. Það hefur bara ekki gerst í mörg ár – þó að ég sé fatlaður þá er ég alveg heilsuhraustur og ekki þurft að leita lækninga og ekki þurft að nota nein lyf – aldrei. Þannig að ég verð að teljast bara mjög hraustur.

(Sp. Er heilsan betri eða verri en fyrir ári?) – Ég held það sé bara svipað.

V#4 (Fráskilin móðir með tvö börn á leikskóla- og grunnskólaaldri)

Hamingjukvarði: 7,5.

Heilsufar: Mjög góð – alveg eins fyrir ári.

V#5 (Ógiftur, barnlaus, atvinnulaus)

Hamingjukvarði: 2–3.

Heilsufar: Léleg eins og stendur. Mun verri en fyrir ári – því ég er gjörsamlega óvinnufær. Það er alveg nýtilkomið – með bakið og ég er í sjúkrahjálfun vegna þess. En ég hef alltaf verið mjög líkamlega hraustur, ekki heilsubrestur – frekar andlegur brestur út af álagi og stressi. Læknar segja að bakvandamálið sé vegna uppsafnaðs álags og streitu.

V#6 (Fráskilin móðir með þrjú börn á grunnskóla- og framhaldsskólaaldri)

Hamingjukvarði: Sjö til átta – kannski eitthvað svoleiðis. Ég ... mér finnst ég vera alveg hamingjusöm í dag skilurðu. Þó maður eigi aldrei pening, maður á alveg nóg fyrir mat og svona. Mér finnst það skipta alveg höfuðmáli sko.

Heilsufar: Ég er ótrúlega heilsuhraust. Sex veikindadagar á 10 árum í þessari vinnu. Ég er aldrei lasin. Mjög góð heilsa – bara alltaf eins. Maður er náttúrulega orðinn ansi þreyttur af að vinna svona mikið, ég var aldrei að vinna svona mikið. Þegar við vorum tvö þá þurfti ég ekki að vinna svona mikið.

2.8 Úrræði

Rúmur þriðjungur svarenda (36,7%) sagðist hafa nýtt sér einhvers konar úrræði, ráðgjöf eða aðstoð vegna fjárhags- eða húsnæðisvanda á síðustu árum en umtalsvert fleiri, eða 63% svarenda, höfðu ekki nýtt sér neinskonar úrræði, ráðgjöf eða aðstoð, sjá töflu 15. Miðað var við tímabilið frá árinu 2008.

Tafla 15. Hefur fjölskylda þín nýtt sér einhvers konar úrræði, ráðgjöf eða aðstoð vegna fjárhags- eða húsnæðisvanda á síðustu árum?

	Heimili (fj.)	Hlutfall (%)
Nei	95	63,3
Já	55	36,7
Alls	150	100,0

Þeir svarendur sem höfðu nýtt sér úrræði nefndu ýmist eitt eða fleiri úrræði; heildarfjöldi nefndra úrræða er því hærrí en fjöldi svarenda, sjá töflu 16. Úrræði umboðsmanns skuldara eru oftast nefnd, alls 40 svarendur nefna þau. Í 25% tilvika tóku svarendur sérstaklega fram að úrræðið sem þeir leituðu eftir hafi verið án árangurs. Þar sem þar er um óumbeðnar upplýsingar að ræða þarf að hafa í huga að skráning á því hvort úrræðið hafi skilað árangri eða ekki er ekki nákvæm. Fyrirmæli til spyrta tóku ekki til þess. Hlutfall þeirra svarenda sem nýtti sér tiltekið úrræði (eða leitaði eftir því) án árangurs er því ef til vill hærra.

Tafla 16. Úrræði sem nýtt voru. Fjöldatölur.

	Umsóknir alls	Þar af án árangurs	Greiðslu-aðlögun	110% leiðin
Úrræði umboðsmanns skuldara	40	10	12	1
Samn.umleitanir við skuldareiganda*	8	5		
Frysting lána	3			
Niðurfelling skulda	4			
Gjaldþrot	4			
Ráðgjöf, fjármála-/lögfræðileg	6			
Aðstoð félagsþjónustunnar	3			
Nauðungarsala	2			
Aðstoð vina	1			
Samtals nefnd úrræði	71			

* Bankar og Íbúðalánasjóður í flestum tilvikum.

Svarendur voru fengnir til að nefna hvers konar úrræði hefðu að þeirra mati gagnast þeim best. Sextíu og sex svarendur (44%) nefndu úrræði sem þeir töldu að hefðu gagnast þeim, þar af nefndu 16 svarendur tvö úrræði. Stærri hópur, alls 82 svarendur (56%), nefndi engin úrræði; ýmist töldu þeir að engin úrræði hefðu getað nýst þeim eða sögðust ekki vita um nein slík úrræði. Í töflu 17 eru tilgreind þau úrræði sem voru nefnd. Algengasta úrræðið sem nefnt er, er samningar við skuldareiganda um afborganir.

Tafla 17. Hvers konar úrræði eða aðstoð telur þú að hefði gagnast fjölskyldu þinni best?

	Úrræði (fj.)
Samningar við skuldareiganda (um afborganir)	21
Frysting lána	7
Niðurfelling skulda	7
Úrræði umboðsmanns skuldara, óskilgreint	7
Ráðgjöf, félagsleg/fjárhagsleg, aðstoð prests	7
Greiðsluaðlögun	5
Gjaldþrot	5
Aftengja, eða afnema verðtryggingu	5
Að fá að leigja íbúðina áfram/vera áfram í íbúðinni	4
Lyklafrumvarpið	4
Aðstoð stjórnvalda við þá sem misstu húsnæði sitt	3
Úrræði vegna ábyrgðar 3 aðila	2
Annað	6
Alls úrræði nefnd (fj.)	83
Veit ekki /Vantaði upplýsingar um úrræði í boði	60
Engin úrræði nefnd	22
Engin úrræði nefnd – Samtals	82

2.8.1 Viðtöl um úrræði

Viðmælendur, í viðtölum, voru inntir eftir því hvort þeir hefðu nýtt sér einhver úrræði eða fengið aðstoð eða ráðgjöf af einhverju tagi í fjárhags- og húsnæðisvanda sínum. Jafnframt voru þeir inntir eftir því hvers konar úrræði þeir teldu, eftir á að hyggja, að hefðu gagnast þeim best. Útdráttur úr svörum þeirra fer hér á eftir.

Um öll viðtölin gildir, í mismiklum mæli þó, að úrræði gögnuðust þeim yfirleitt ekki mikið. Í flestum tilvikum vissu þeir ekki af úrræðunum, skildu úrræðin ekki eða fengu misvísandi upplýsingar frá ólíkum aðilum um hvaða úrræði stæðu þeim til boða og hvernig þau ættu að bera sig eftir þeim. Í mörgum tilvikum vissu viðmælendur ekki hver staða þeirra væri gagnvart skuldum og lánardrottnum sínum, hvaða afleiðingar fylgdu mismunandi leiðum sem þau veldu út úr erfiðleikum, hvort þau væru á svörtum lista og hvort eða hvenær það myndi breytast og hvort þau þyrftu að gera eitthvað sérstakt til að hafa áhrif á stöðuna eða hvort jafnvel væri affarasælast að þau létu lítið fyrir sér fara til að staða þeirra vænkaðist.

Upp úr stendur því að mikið gagn mætti gera með sérstakri úttekt eða könnun á bjargarleysi skuldara í landinu og hvernig nauðsynlegt er að koma til móts við þarfir þeirra á þeirra forsendum, til dæmis hvað varðar framsetningu opinberra aðila á upplýsingum, ráðgjöf og leiðbeiningum, svo og framsetningu á reglum um hvernig tekið er á skuldamálum, jafnt almennt sem sértækt fyrir húsnæðisskuldir.

V#1 - (Í sambúð, þrjú börn á heimili, bæði í launuðu starfi)

Ég var kominn með hreint borð vorið 2010, mars–apríl. (Búinn að greiða allar skuldir sem ekki voru með veð í húsnæðinu – þau hættu að greiða af húsnæðisláninu) Ég náttúrliga vissi það, þetta var ákvörðun sem ég tók með opnum augum ... (ég) vissi alveg hvernig innheimtuaðferðir virka sko. Það fer í gang ákveðin maskína og hún bara keyrir á sínum hraða og afgreiðir þessi mál.

Síðan gerist það að ég fer með alla mína pappíra til fyrirtækis sem heitir held ég Greiðslustöðvun eða Greiðsluaðlögun. Þar hitti ég mann sem tók við mínum pappírnum og hann ætlar að koma mér inn hjá umboðsmanni skuldara, í greiðsluaðlögun eins og það var kallað, og hann fær alla pappírana mína og svo ... og ég borgaði 100 þúsund. ... Hann (lögfræðingurinn) reyndist vera ómerkilegur lygari, sagðist vera búinn að fá frestun á uppboði, sagði hafa gert þetta og hitt en gerði aldrei neitt ...

Við ætluðum alltaf til umboðsmanns en þar sem að lögmaðurinn sveik okkur þá urðu þau úrræði úrelt því húsið var farið – sem sagt eina veðandlagið ... Lögmaðurinn var brúin inn í úrræðið ... þannig að ... það var bara allt í einu komin önnur staða – þá er bara staðan sú að við eigum ekkert og ... og mér fannst ekkert leiðinlegt þegar ég boðaði fund með eigendum lögfræðistofunnar og sagði að annað hvort yrði hann rekinn eða ég færi í Lögmannafélagið. ... og ég dauðsé eftir að hafa ekki farið líka í Lögmannafélagið því maðurinn er enn starfandi. Hann laug, ekki það að hann hafi sagt ósatt eða ekki vitað betur – hann bara sagði: „Ég er búinn að tala við sýslumanninn – ég er búinn að fá frest á þessu – hafðu ekki áhyggjur af þessu.“ – Svo fæ ég bara allt í einu tilkynningu: „Síðasta uppboð er á morgun“ ... svo talaði ég við hann aftur og hann bara – „það er búið að fresta þessu öllu saman“ – talaði við hann í síma. „Hafðu ekki áhyggjur af þessu.“ Þannig að ég fór í vinnu daginn eftir og þegar ég kom heim um kvöldið segir nágranninn að sýslumaðurinn (hafi komið um) morguninn. Húsið fór á uppboð án þess að ég vissi af. Og ég vissi það ekki fyrr en starfsmaður Íbúðalánasjóðs hringir tveimur til þremur vikum seinna, akkúrat þegar kærufresturinn er liðinn og segir: „Má bjóða þér að leigja þetta hús?“ – Og ég segi að ég eigi það ennþá á pappírnum, en Íbúðalánasjóður segist eiga húsið.

V#2 - (Einstæð móðir, öryrki, býr inni á ættingjum)

Ég fór til umboðsmanns skuldara þegar ég missi eignina og fór í greiðsluaðlögun. Og núna er ég bara eins og glæpamaður á svörtum lista af því ég fór í greiðsluaðlögun sem mér finnst mjög ósanngjarn. – Greiðsluaðlögunin tók tvö ár og hérna, þeir gleymdu að láta mig vita, að tíminn væri liðinn. Ég átti að fá bréf sko þegar ég væri laus úr greiðsluaðlöguninni og það var ekki fyrr en í fyrra, 2013 – sem ég hringdi og spurði hvers vegna ég væri inni á Creditinfo á svörtum lista eða svoleiðis og þá var það skoðað og ... – „Fyrirgefðu – þú varst búin í greiðsluaðlögun fyrir (meira en ári síðan).“ (Hlær). – Ég var bara enn inni á listanum sem vanskilakona og nú er það komið á hreint – þetta er allt annað í dag. Ég skulda ekki neitt.

Svo hef ég heyrt frá fólki sem hefur orðið gjaldþrota – að það er bara með hreinan skjöld gagnvart öllum, en það hefur ekki reynt að borga sitt. En það hefur ekki þurft að rýna í hverja krónu eins og við sem vorum í greiðsluaðlögun svo að ... sem betur fer segi ég – því hérna ... því ég var (hlær) í eitt og hálf ár í viðbót – alltaf að passa upp á ... ég er búin að læra heilmikið af þessu, búin að læra að spara. Maður þarf að leita og leita og leita úrlausna og fara á milli svo margra staða og þetta er allt svo flókið. Ég heyrði ekki í einum né neinum allan þennan tíma.

Ég reyndi árangurslaust að semja við banka og Íbúðalánasjóð – gat ekki sýnt fram á tekjur til að standa undir einu né neinu. Ég leitaði til fasteignasala og húseigendafélagsins – allt án árangurs.

Ég er svo heppin að eiga eina systur sem hjálpar ... og núna fyrir jól þá braut ég odd af oflæti mínu og leitaði hjálpar (hjálparstarf kirkjunnar), ég varð að gera það.

V#3 - (Einstæð móðir með tvö börn, með ótrygga vinnu, býr í leiguhúsnæði og greiðir 180 þús. á mánuði)

Mér var bent á umboðsmann skuldara eftir að ég missti íbúðina, vissi ekki af honum þannig séð áður. Ég leitaði til hans eftir að ég flutti (á höfuðb.svæðið) til að vita stöðu mína og hann setti reikninga á „hold“ svo ekki sé hægt að rukka mig en gerði ekkert meira – ég hafði bara ekki vit á að hafa samband við hann fyrr. Það varð sex mánaða bið – eftir að ég pantaði tímann. Svo lét ég tímann líða og sé eftir því í dag (sér eftir því að hafa haldið áfram að greiða reikninga, meðan hún beið eftir svári frá umboðsmanni).

Ég fór líka til fimm lögfræðinga og var alltaf að leita að ódýrum lögfræðingi. – Fann loks hjá verkalyðsfélaginu og ég fékk lögfræðing hjá þeim til að hjálpa mér að gera mig gjaldþrota – til að búa til umsóknina um gjaldþrotaskipti. – Ég hefði viljað gera þetta fyrr, þetta var allt of seint, ég var gerð gjaldþrota fyrir tveimur árum síðan.

En lögfræðingarnir – leitaði til þeirra eftir nauðungarsöluna þegar ég fór að vinna í þessum málum eftir að ég flutti (á höfuðborgarsvæðið), því þá fór ég auðvitað að sjá að ég þurfti að laga kennitöluna mína svo ég geti gert eitthvað og fór þá að vinna í því.

Ég sé eftir að hafa eytt tíma í umboðsmann skuldara í hálf tveimur árum og svo að vera að reyna að vera í einhverju sambandi við þau og ... ég hefði bara átt að fara bara beint í gjaldþrotið strax. (Umboðsmaður) setti bara allt á „hold“ svo enginn gæti verið ítrekað að rukka mig – frýsting lána – það er það eina sem þeir gerðu.

V#4 - (Fráskilin móðir með þrjú börn í fullu starfi og aukavinnu á þremur stöðum)

Það er í rauninni bara ekkert í boði fyrir fólk sem missir húsnæðið. Það er bara staðreynd sko. Svo er þetta voðalega skrítið að ég á alltaf voða lítinn pening og síðasta vikan í mánuði er alltaf erfið. Svo er mér (samt) sagt víða að ég eigi ekki rétt á hinum og þessum úrræðum af því ég er með allt of háar tekjur, skilurðu.

Fyrst (eftir húsnæðismissinn) var ég uppi á Keili með íbúð. Svo bauðst mér (annað leiguhúsnæði) og ég var þar í ein tvö ár. Svo missti ég það og þá var bara ekkert húsnæði í boði inni í Keflavík og ekki neitt, því Íbúðalánasjóður var að taka svo mikið af húsnæði – og svo er ég búin að vera hér í rúmlega ár og bæjarfélagið á þessa íbúð – ég hafði loksins í gegn að þau gátu reddað mér þessu leiguhúsnæði af því ég var ein með krakkana.

Ég ætlaði í fyrri í desember að skipta um vinnu (til að fá hærri laun) – ég réði mig á (ónafngreindan vinnustað) og hætti í vinnunni sem ég var í og ég var næstum dáið – (eftir einn mánuð) sko – hélt að launin yrðu hærri, en mikið vinnuálag, algjör kleppur, maður stendur í 12 klukkutíma og (...). Það er ein ömurlegasta vinna sem ég hef unnið og ég hef nú unnið ýmislegt um dagana – og hérna svo bara – ég fékk svo mikla vöðvabólgu alveg upp í höfuð – ég var alveg hætt að geta snúið hausnum. (Sp. Gastu þá fengið að koma aftur í gamla starfið?) Já. Ég vann þarna í mánuð og svo fór ég næstum því að gráta þegar ég fékk útborgað. Ég var bara með sömu laun fyrir alla þessa vinnu og ég var með á gamla staðnum. Ég fékk að hætta – og þá var laust ennþá á gamla staðnum.

V# 5 - (Ógiftur, barnlaus, atvinnulaus, missti tvær íbúðir á nauðungarsölu með nokkurra ára millibili)

Nei, ég reyndi það nú ekki (að leita úrræða). Ég þekkti ekki til og sótti ekki eftir neinum úrræðum. Það var engin aðstoð eða ábendingar eða neitt. Og ég hélt að ekki væri hægt að gera neitt. Ekkert sem mér var bent á. Umboðsmaður var ekki byrjaður þá (2008). Ég nýtti mér umboðsmann skuldara þegar ég keypti seinni íbúðina – sem ég missti aftur. Þetta ævintýri að reyna að kaupa hús og gengur ekkert. (Hlær). Þá fékk ég greiðsluskjól. Ég annað hvort heyrði vitlaust eða misskildi þannig að ég hélt að ég ætti ekki að borga neina reikninga – og það var það sama sem ég heyrði hjá fólki hér og

þar. En ég féll á því að borga ekki brunatrygginguna. Hún er lögvarin. Og þetta hafði enginn sagt mér. Og þá fór seinni íbúðin.

Tryggingafyrirtækið fór fram á uppboðið. Mög elskulegur lögfræðingur hjá tryggingafyrirtækinu og við sömdum um greiðslur sem ég hefði getað greitt en samt sem áður var ég í vanskilum með húsið, það var búið að hækka um ca 40 þúsund kall á mánuði. En sýslumaður segir mér það þegar uppboðs ... (óskýrt) fer fram að ef ég láti þetta fara svona (á uppboði) þá losni ég við lánin hjá Íbúðalánasjóði. Allar forgangskröfur eru greiddar og hann er búinn að taka saman hitaveituna, landeigendur og sem sagt – og þetta hverfi allt, þetta verði eins og að vinna í lottóinu. Og þetta segir hann orðrétt við mig.

2.9 Skýringar á húsnæðismissi

Svarendur voru beðnir að nefna helstu skýringarþætti, að þeirra mati, á því að þeir misstu íbúðarhúsnæði sitt á nauðungarsölu. Nefna mátti þrjú atriði og tiltóku nokkuð margir svarendur fleiri en eina skýringu á húsnæðismissinum. Skýringar eru því fleiri en svarendur; sjá má í töflu 18 þá skýringarþætti sem oftast voru nefndir.

Forsendubrestur vegna hrunsins 2008 er sá skýringarþáttur sem flestir nefndu, eða alls 92 (61%) af 150 svarendum. Það eru 27,4% af heildarfjölda skýringarþátta sem nefndir voru; þeir voru alls 336 eins og sjá má í töflu 18. Þegar teknir eru saman skýringarþættirnir atvinnumissir og tekjulækkun er þar kominn næstalgengasti skýringarþátturinn, alls 89 svarendur (26,5%) nefndu þá, ýmist annan eða báða. Þriðja algengasta skýringin er of há lán eða of háar afborganir af lánum, nefnt af 78 svarendum (23,2%). 31 svarandi (9,2%) nefnir erfiðar fjölskylduaðstæður eða breytingar í fjölskyldu, t.d. skilnað, og 27 svarendur (8,0%) nefna heilsubrest eða persónuleg áföll sem skýringu.

Tafla 18. Hverjar telur þú vera helstu skýringarnar á því að fjölskyldan missti húsnæðið? Nefndu þrjár mikilvægustu skýringarnar.

Skýringar	Fjöldi svara	Hlutfall (%)
Forsendubrestur vegna hruns	92	27,4
Of há lán/of háar afborganir af lánum	78	23,2
Atvinnumissir	49	14,6
Tekjulækkun	40	11,9
Erfiðar fjölskylduaðstæður, breytingar	31	9,2
Heilsubrestur, persónuleg áföll	27	8,0
Ábyrgðarskuldbindingar	9	2,7
Annað	10	3,0
Svör alls	336	100,0

Í töflu 19 hafa þær skýringar sem svarendur nefndu verið flokkaðar saman til einföldunar í þrjá flokka sem standa fyrir forsendubrest og/eða of háar afborganir lána (A), atvinnu- og tekjuskerðingu (B) og loks ýmsar persónulegar eða einstaklingsbundnar ástæður, þar á meðal heilsufar og breytingar í fjölskyldu (C). Í töflunni má lesa eins konar samlegðaráhrif, þ.e. fjölda svarenda sem tiltóku hvern skýringarflokk einan og sér eða í samhengi við aðra.

Skýringar í A-flokki eru oftast nefndar, alls 118 svarendur (78,1%) nefna þær. Skýringar í B-flokki, tekjuskerðing með eða án atvinnumissis, eru næstalgengastar, nefndar af 83 svarendum (55%), en skýringar í C-flokki, ýmsar persónulegar aðstæður koma í þriðja sæti, nefndar af 61 svaranda (40,4%).

Jafnframt sést að aðeins 9% svarenda tiltóku eingöngu skýringar úr C-flokki, með persónulegum skýringum, og langsamlega algengast var að svarendur tiltækju saman skýringar úr A- og B-flokkum,

alls 48 svarendur eða 32% allra sem svöruðu. Skýringar eru þannig að mati svarenda að mestu leyti vegna utanaðkomandi þátta sem þeir höfðu ekki stjórn á, þ.e. A- og B-flokks skýringar.

Tafla 19. Skýringar á fjárhags- og húsnæðiserfiðleikum. Samlegðaráhrif þriggja skýringarflokka.

Samlegðar-áhrif	Fjöldi svarenda	Hlutfall (%)	A - Forsendubrestur og/eða of há lán/afborganir lána	B - Atvinnu- og/eða tekjuskerðing	C - Heilsufar, breytingar í fjölsk., og /eða aðrar ástæður
A + B + C	15	10,0	15	15	15
A + B	48	32,0	48	48	
A + C	23	15,3	23		23
A	31	20,7	31		
B + C	9	6,0		9	9
B	10	6,7		10	
C	14	9,3			14
Alls (fj.)	150	100,0	117	82	61
Alls (%)			78,0%	54,7%	40,7%

Til frekari skýringar á töflu 19 er efsta og næst efsta línan tekin sem dæmi. Í efstu línu kemur fram að 15 svarendur, eða 10%, hafi tiltekið skýringar fyrir húsnæðismissi úr öllum þremur skýringarflokkum, A, B og C, 48 svarendur, eða 32%, tiltóku skýringar aðeins úr A- og B-flokki. Í næst neðstu línu, er samanlagður fjöldi skýringa í öllum flokkum, og neðsta línan sýnir hlutfall svarenda sem nefnir tiltekna skýringu.

2.9.1 Viðtöl um skýringar á húsnæðismissi

Í flestum viðtölunum reyndust skýringar á húsnæðismissinum vera fjölþættar og margslungnar. Sumir viðmælendur höfðu átt í erfiðleikum af ýmsum toga áður en þeir lentu í greiðsluvanda með húsnæðislánum. Í öðrum tilvikum hafði nauðungarsalan í för með sér önnur vandamál, þar á meðal heilsufarsvanda og fjölskylduerfiðleika. Meðal algengra skýringarþátta sem komu upp í viðtölunum eru þessir:

Auðvelt var að fá lán hjá bönkum og sparisjóðum og voru svarendur margir á því að ekki hefði verið „neitt vit“ í að lána þeim þær fjárhæðir, eða það háa lánshlutfall, sem þeir fengu fyrir íbúðakaupunum, en að á þeim tíma hefði ríkt uppgangur og bjartsýni og miklar væntingar verið til ýmissa mála á Suðurnesjum, svo sem til atvinnuuppbyggingar.

Margir viðmælendanna nefndu svik eða óheiðarlega framkomu ýmissa aðila, þar á meðal voru nefndir seljandi íbúðarinnar sem hafði leynt leka í íbúðinni sem olli kaupandanum ófyrirséðum aukaútgjöldum; lögfræðingur sem hafði verið ráðinn til að sjá um skuldamál og samninga við skuldareigendur og greiðsluaðlögun hjá umboðsmanni skuldara; sýslumannsfulltrúi sem hélt til streitu nauðungarsölu á íbúð þrátt fyrir að viðmælandi teldi að hann hefði verið búinn að semja um skuldina. Þessu til viðbótar má nefna að stefnuvottur hafði í einu tilvikinu birt nágranna íbúðareigandans stefnuna svo hún rataði aldrei til hans sjálfs, með tilheyrandi afleiðingum. Þetta mun vera viðtekin en umdeild starfsvenja stefnuvotta.

Ósanngirni og ósveigjanleiki aðila og í „kerfinu“ kemur oft fram í skýringum viðmælenda; þeim finnst mörgum ósanngjarnt hvernig komið er fyrir þeim þar sem þeir séu eins konar leiksoppar kerfisins – lánakerfisins, opinberra aðila, fasteignasala, lögfræðinga og fleiri aðila. Það sé spilað með þá – á meðan þeir séu aðeins að tryggja sér húsnæði, þá sé farið með þá eins og glæpamenn og staða þeirra í dag eins og glæpamanna þótt þeir hafi ekkert gert af sér annað en að lenda í vanskilum með fjárhagslegar skuldbindingar.

Einnig kemur fram í mörgum viðtalanna að viðmælendur skildu ekki, eða misskildu, heildarmyndina, þ.e. hvað þeim bæri að gera á ólíkum tímum vandans eða nauðungarsölufelmissins; hvað aðstæðurnar sem þeir voru lentir í fælu í sér, eða þeir höfðu vonað að hlutirnir björguðust einhvern veginn. Þeim fannst mörgum að aðstæðurnar væru illskiljanlegar og flóknar; að erfitt væri að fá skýringar og upplýsingar og höfðu jafnvel hugmyndir um að stundum væri jafngott, eða jafnvel betra, að aðhafast ekkert og láta lítið fyrir sér fara, frekar en að vekja athygli á sér og skuldamáli sínu með því að leita skýringa, upplýsinga eða úrræða í aðstæðum sínum og erfiðleikum. Þeir töldu að það gæti „vakið“ mál þeirra af einhvers konar dvala og haft ófyrirséðar slæmar afleiðingar í för með sér.

V# 1 (Giftur faðir með þrjú börn á ólíkum aldri, höfðu búið áður í Reykjavík)

Fjölskyldan var stækkandi sem var ástæða húsnæðiskaupa 2006. Mikill uppgangur var á þessum tíma í kortunum á Suðurnesjum og auðvelt að kaupa og selja húsnæði. Talað var um verksmiðju sem ætti að fara að setja upp í Keflavík. Auðvelt var að fá lán, Sparisjóðurinn í Keflavík samþykkti að láta okkur fá viðbótarlán; fengum 16 m.kr. hjá Íbúðalánasjóði og Sparisjóðurinn lánaði afganginn upp í 24 m.kr. á öðrum og þriðja veðrétti. Fyrri íbúðin var sett á 11 milljónir.

Síðan gerist það að allt breytist eins og hendi væri veifað. Hætt var við verksmiðjuna, sala á húsnæði varð tregari og við sátum uppi með afborganir af tveimur eignum; tókst ekki í tvö ár að selja þá fyrri. Vandinn byrjaði dálítið þar strax, 2007. Við leigðum fyrri íbúðina út en það stóð ekki undir kostnaði við íbúðina og það myndaðist vanskilahali. Ég vann mikið og hafði vel upp úr mér, börnunum fjölgaði enn og síðan bættust við veikindi í fjölskyldunni. Ég harkaði, vann mörg störf, var sífellt í samningum um lánin við bankann Var allt árið 2008 í þeim skuldbreytingaslag og tókst að halda einhvern veginn í horfinu. Svo seldist loks hin íbúðin eftir eitt og hálf ár, á 8 milljónir, tveimur til þremur m.kr. undir ásettu verði í upphafi.

Svo gerðist það að ég missti sjóð sem ég hafði átt og lagt í nýsköpunarverkefni sem rúllaði yfir; þar fór ein og hálf milljón. Svo bættist við lækkun atvinnutekna um áramótin 2008 og 2009. Þá var skorið af allt sem hét aksturspeningar, yfirvinna og alls kyns greiðslur sem höfðu verið til að tosa launin upp. Svo sá ég um vorið 2009 að þetta var ekki að ganga upp. Húsnæðisafborganir hækkuðu en launin lækkuðu og við hættum að borga af húsnæðinu.

Vorið 2009 setti ég dæmið upp í excel. Ég fór að horfa á þetta – hnippti í konuna og sagði – nú hættum við bara að borga – þetta er ekki hægt! Hún var lögst í þunglyndi á þessum tíma – ég var aldrei heima og það var aldrei til matur – það var bara lifað á roði frá degi til dags til að borga fyrir þennan húskofa – ég skuldaði eitthvað smáræði upp á 400 þúsund með ábyrgðarmönnum – við kláruðum að borga það og svo ákváðum við að sjá bara til hvað gerist. Og við hættum bara að borga. Ég borgaði strax allan halann sem ég skuldaði af fasteignagjöldum, rafmagni, síma, sjónvarpi – allt sem þurfti að borga, var líka með hala – það var ekki fyrr en í mars–apríl 2010 sem ég var búinn að borga það allt í halanum og kominn upp í núllið. – Þrátt fyrir að vera ekki lengur að borga af húsnæðinu hjá Íbúðalánasjóði og Sparisjóðnum – við létum það ganga fyrir að borga þessa einu skuld sem var með ábyrgðarmönnum – kominn með hreint borð vorið 2010.

V# 2 - (Fráskilin móðir, öryrki, með eina dóttur á grunnskólaaldri)

(Sp. Aðalskýringin er óvæntur kostnaður vegna viðgerða á húsnæðinu sem ekki var hægt að fresta, upp á eina milljón krónur. Þá hafði viðmælandinn nýlega keypt íbúðina og var á mörkunum að hún réði við greiðslur af henni, svo þessi viðbót dugði til að hún fór í vanskil. Við bættist lækkun heimilistekna við skilnað og heilsubrestur í kjölfar skilnaðarins svo starfsgeta minnkaði verulega og tekjur minnkuðu enn frekar.)

... umfram skuldsetning út af viðgerðunum sem ég þurfti að taka eina m.kr. lán fyrir – ég vildi að ég hefði getað sleppt því en það lak hliðin (á húsinu) og nágrenninn niðri alltaf brjáláður því það lak inn til hans. Ættingi minn sem er fasteignasali og lögfræðingur – hann vildi meina að þetta væru bara svik, en bara því miður út af þessari undirskrift eiganda neðri hæðar, út af því að nágrenninn sagði

ekki frá því að það væri búið að leka endalaust niður hjá honum og eyðileggja íbúðina þá – og hann skrifar undir að það séu engar framkvæmdir á næstunni að þá ... sú undirskrift varð til þess að þá var ég réttindalaus. Og ekkert hægt að gera í því.

V# 4 - (Fráskilin móðir með tvö börn á grunnskóla- og leikskólaaldri)

Ég keypti íbúðina árið 2006. Við stofnuðum þjónustufyrirtæki í Keflavík ég og sambýlismaður minn. Allt gekk rosalega vel og við höfðum alveg efni á að stækka við okkur og það var annað hvort að kaupa blokkaríbúð á höfuðborgarsvæðinu eða einbýlishús á Suðurnesjum. Það gekk allt upp. Ég flutti íbúðarlán af fyrri íbúð og tók svo aukalán frá Sparisjóðnum í Keflavík til viðbótar. Við áttum í upphafi 1,5 m.kr. þegar ég keypti fyrri íbúð, en ég græddi á að selja þar og flutti með mér, tvær til þrjár m.kr.

Já, við stofnuðum fyrirtæki, vorum bara tvö í vinnu, gekk vel. Svo eftir hrúnið fóru allir að spara hjá sér og þá varð minna að gera og þá borgaði sig ekki að keyra á milli [fyrir þau og aðila sem þau þjónustuðu], fái stoppistaðir, og þá fór þetta allt sína leið. Við misstum kúnna og einn stóran. Eftir að hann fór þá var þetta eiginlega ekki hægt, þá byrjaði þetta að halla. Tekjumissir í kjölfar hrunsins strax í byrjun 2009.

Við reyndum alltaf að semja og redda þessu eitthvað en svo gefst maður bara upp, eða sér ekki fyrir endann á þessu ... lögðum þá fyrirtækið í rauninni niður – ég var ólétt og fór því í barneignarfrí og eignaðist barnið í ágúst 2009 og svo um áramót 2009 og 2010 þá fann hann nýja kærustu og flutti frá mér. Þá vorum við nýbúin að loka fyrirtækinu. Ég var ein skráð fyrir öllu, hann var í einhverri skuld þegar við byrjuðum saman, þannig að hann fór þannig séð hreinn út úr – við hugsuðum að við hefðum alveg getað keypt eitthvað á hans kennitölu til að halda okkur á floti eftir ... en hann fór – þannig að það varð aldrei neitt úr því. Ég varð ein eftir með börnin, hann fór bara frá þessu. Svona sambönd þola ekki mikið.

V# 6 - (Fráskilin móðir með þrjú börn á grunnskóla- og framhaldsskólaaldri)

Aðdragandi að því að missa húsnæðið? Jú, elsta stelpa lenti í mjög alvarlegu slysi og þá hætti ég tímabundið að vinna – hún var tæpan mánuð sofandi á gjörgæslu og upp úr því missir maðurinn vinnuna – og það var eiginlega upphafið að þessu. Hann varð atvinnulaus og ég var búin að vera heima í átta mánuði út af þessu slysi (2010) þannig að við vorum þá allt í einu bæði hætt að vinna, ég fékk reyndar laun í þrjá mánuði hjá vinnuveitandanum. Og svo skiljum við tveimur árum síðar. Ég flyt úr húsinu með krakkana því hann vildi ekki fara úr húsinu. Svo hætti hann að borga af húsinu – og ég gat ekki farið að borga af húsinu og leigja hér líka.

Við vorum bæði skráð fyrir húsinu. Svo hrundi allt í bankakerfinu og allt í einu gat ég ekki fengið neina fyrirgreiðslu hjá Sparisjóðnum. Áður var alltaf hægt að banka upp á og miklu persónulegra. Landsbankinn er alltaf í veseni því það gengur svo illa með að fá kontakt (við starfsfólk) og allt í þvælingi einhvern veginn, bara engin þjónusta.

Maðurinn var áfram í húsinu og leigði af Íbúðalánasjóði eftir nauðungarsöluna í 2 ár eftir að við missum það. Mér fannst svo skrítið að maðurinn minn gæti leigt húsið eftir að það fór á nauðungarsölu og þeir buðu honum leigusamning og ég hringdi í Íbúðalánasjóð og þar var mér sagt að af því ég fór út úr húsinu þá fyrirgerði ég mínum rétti að fá að leigja af Íbúðalánasjóði. En ég hefði getað fengið það hús leigt ef ég hefði ekki farið út úr því. Mér fannst það ótrúlega skrítið. Ég flutti lögheimilið náttúrulega þegar ég flyt, ég þurfti að fá húsaleigubætur. ... Hann (eiginmaðurinn) borgaði (rúmar 100 þúsund á mánuði) af þessum lánum sem voru á húsinu. Ég hefði alveg eins getað gert það eins og að borga þessa leigu (sem er nánast sama upphæð á mánuði).

2.10 Breytingar í lífi barna

Svarendur með börn á heimili voru spurðir hvort mikilsverðar breytingar hefðu orðið í lífi barnsins/barnanna vegna nauðungarsölu eða breytinga á fjárhag. Svarendur á 54% heimila með börn svöruðu játandi en 44,6% neitandi, sjá töflu 20.

Tafla 20. Hafa orðið mikilsverðar breytingar í lífi barnsins/barnanna vegna nauðungarsölu eða breytinga á fjárhag?

	Fjöldi	Hlutfall (%)
Já	40	54,1
Nei	33	44,6
Alls	73	100,0

Aðspurðir um breytingar í lífi barns/barna vegna nauðungarsölu og/eða breytinga á fjárhag var algengast að þátttakendur nefndu rofin eða minnkuð tengsl við vini barns og skólaskipti, sjá töflu 21.

Tafla 21. Mikilsverðar breytingar í lífi barnsins/barnanna vegna nauðungarsölu eða breytinga á fjárhag.

	Breytingar (fj.)	Hlutfall (%)
Skipta um skóla	27	45,8
Missa tengsl við leikfélag/vini	19	32,2
Hætta í tómstundum/þróttum	9	15,3
Skilnaður foreldra	4	6,8
Alls	59	100,0

2.11 Úrræði fyrir börn

Svarendur með börn á heimili voru spurðir um aðstoð og ráðgjöf sem nýtt hefði verið fyrir börnin í tengslum við fjárhags- og húsnæðisvanda, s.s. vegna flutninga eða skólaskipta. Aðeins sex svarendur (8%) af 74 sögðu að einhver slík úrræði hefðu verið nýtt, sjá töflu 22.

Tafla 22. Hefur fjölskyldan nýtt sér einhvers konar aðstoð eða ráðgjöf fyrir börnin í tengslum við flutninga eða skólaskipti?

	Fjöldi
Sálfræðiaðstoð	2
Viðtal við starfslíð skólans/ráðgjöf námsráðgjafa	2
Séraðstoð vegna fötlunar eða sérþarfa barns	1
Fjárhagsaðstoð sveitarfélags	1
Félagsráðgjöf sveitarfélags	1
Mataraðstoð hjá Fjölskylduhjálpinni	1
Alls	6

2.11.1 Viðtöl um breytingar og úrræði vegna barna

Viðtöl voru tekin við sex fjölskyldur, þar af voru fimm með börn á heimilinu. Í viðtölum kom gegnumgangandi fram að viðmælendur gættu þess að láta börnin ekki vita af fjárhags- og

húsnæðisvanda. Sumir viðmælendur töldu þó að börnin gerðu sér grein fyrir að það væru þrengingar en ekki af hverju þær stöfuðu.

Í nokkrum viðtalanna kom fram að börnin áttu í ýmiss konar erfiðleikum eða vanda og svarendur höfðu leitað úrræða við þeim, en svarendur mátu það ekki svo að skýring vandns tengdist fjárhagserfiðleikum eða nauðungarsölnunni og flutningunum í kjölfarið. Til marks um það hversu margslungnar skýringarnar gátu verið má þó nefna eitt viðtalið sérstaklega þar sem við nánari umhugsun svarandi rakti sumar þær skýringar á vanda barnsins, sem hann hafði þegar nefnt, endanlega til fjárhagserfiðleikanna og flutninga.

Áður hefur komið fram að nokkuð áberandi var í viðtölunum að svarendur voru yfirleitt bjargarlitlir og þekktu illa til „kerfisins“ sem við var að etja þegar kom að því að leita skýringa, upplýsinga og úrlausna í fjárhags- og húsnæðisvanda þeirra. Þessu var öfugt farið í viðtölum þegar kom að úrræðum fyrir börnin. Þar virtist fyrst og fremst vera munur eftir kyni viðmælanda þannig að feður sögðu börn sín ekki eiga í neinum vanda og/eða fannst ekki ástæða til að leita sérstakra úrræða, en mæðurnar sögðu frekar frá ýmsum vanda barnanna og þekktu vel til úrræða og hvaða leiðir væru greiðar og höfðu þegar sett málin í lausnarferli. Í öllum viðtölum var þó greinilegt að viðmælendur voru mun ófúsari að ræða um börnin og þeirra málefni en um skuldavanda, húsnæðismissi og stöðu þeirra sjálfra almennt séð.

V#1 - (Giftur faðir með þrjú börn á grunnskóla- og framhaldsskólaaldri)

Nei, við þurftum engin úrræði fyrir börnin. Sko fókusinn hjá mér er náttúrulega sá að börnin vita ekkert um þessi mál. Þetta kemur þeim ekki við. Það er ekki á börn leggjandi að hafa áhyggjur af fé foreldra sinna. Þegar þau spurðu „pabbi áttu pening?“ Þá svaraði ég alltaf „já, ég á fullt af peningum“. Þeim kemur ekkert við hvernig fjárhagsstaðan er. Þeim kemur það bara ekkert við. Sjálfur upplifði ég fátækt foreldra minna og 10 ára var ég farinn að vinna og 13 ára fór ég og keypti ný stofuhúsgögn því foreldrar mínir höfðu áhyggjur af því að geta ekki haldið ferminguna vegna peningaleysis.

V# 2 - (Fráskilin móðir með eina dóttur í grunnskóla)

(Sp. Breytingar hjá dótturinni?) Já, því miður þá hef ég þurft að finna leiðir sem kosta ekki krónu, ekki bíó eða leikhús sem ég naut að gera með strákinn (sem er fullorðinn í dag) tvisvar á ári og bíó tvisvar á ári – á veitingahús eða eitthvað, skilurðu – en það hefur allt breyst og við höfum þurft að finna leið, föstudagsparty með mömmu, poppa og horfa á mynd eða spila spil. Það hefur ekki í sjálfu sér verið verra en það væri voða gaman að geta veitt henni meira.

Hún hefur ekki þurft að skipta um skóla og ekki misst tengsl við vinkonu nema þessa einu sem hún átti sem fór til Noregs vegna aðstæðna sinnar fjölskyldu. Eina vinkonan. Hún er frekar lokuð – hún er með mikinn kvíða sem tengist veikindum sem hún er með en ekki sem tengist aðstæðum.

(Sp. Hefur hún þurft að hætta í tómsundum eða íþróttum vegna fjárhags?) Já ég verð að segja það – mig langaði að setja hana á stelpunámskeið svipað og Dale Carnegie – hana skortir mikið á í sjálfstrausti og að standa með sjálfri sér – það kostar 35 þúsund – en ég hef ekki efni á því og pabbinn hefur ekki viljað taka þátt í kostnaði. En hún er í íþróttum sem kostar lítið.

(Sp. Hefurðu nýtt þér ráðgjöf eða aðstoð fyrir stúlkuna vegna fjárhagsaðstæðna?) Ég hef leitað til skólasálfræðings, en það hefur verið vegna veikindanna. Ég reyni að halda alltaf sama heimilisstrúktúr – hún veit ekkert um þennan hnút sem mamma er með í mallanum út af þessu öllu.

V# 3 - (Fráskilinn faðir með tvö börn á framhaldsskólaaldri)

(Sp. Hafa húsnæðis- og fjárhagsvandræðin haft áhrif á börnin?) Í rauninni ekki. Ég hef ekki látið það bitna á þeim þannig. Við fórum ekkert út úr íbúðinni og það gerðist ekkert þannig ... það var enginn

heima þegar sýslumaðurin og þetta lið var hérna. Það voru allir í skólanum ... en þau vita þetta. En það hefur ekkert snert þau þannig. Ég hef ekkert látið það gerast.

Sem betur fer þurftu þau ekki að skipta um skóla. Ég ákvað að það myndi ekki gerast. Þau kláruðu hérna grunnskóla ... öll ... og fóru svo í fjölbrautaskólann ... og vinirnir eru líka áfram í skóla og ósköp eðlilegt bara.

(Sp. Hafa aðrar breytingar orðið hjá þeim í kjölfar nauðungarsölunnar, hætt í tómsundum eða öðru ...?) Þau bara hætta og byrja ... það er bara eins og unglingar eru ... búin að prófa allar íþróttir og alls konar tómsundastarf og ... já, já og byrja meira að segja á nýju. Já, ég leyfði mér það ekki að þetta hefði áhrif á börnin. Meira að segja ... ég hef sett mig sjálfan í klemmu bara til að halda – svona til að það verði ekkert mál (óskýrt) – þetta má ekki verða leiðinlegt, skilurðu – heimilishaldið. Já, eins og ég sagði áðan ... það er bara ábyrgðarhluti ef foreldrar ætla að halda börnunum í einhverju fangelsi út af ... slæmum fjárhag. Það ... ætti bara að vera málefni yfirvalda.

V# 4 (Fráskilin móðir með tvö börn á leikskóla- og grunnskólaaldri)

Stelpan þurfti að breyta um skóla – það er meira vegna pabbans; þau eru lítið með honum – en þau vita ekki hvað gerðist. Þau vita ekkert – fá kannski að vita seinna meir þegar þau eru nógu gömul til að skilja. Við þurftum að flytja út og búa inni á bróður mínum í nokkra mánuði fyrst og það var erfitt eins og eðlilegt er, svolítið erfiður tími. Hún missti tengsl við frænku sína – þær voru rosa góðar vinkonur og svo var strákur í næsta húsi og nokkrir krakkar þarna sem hún var tengd.

(Sp. Hefur hún kynnst krökkum í nýja skólanum?) Jú, það hefur alveg tekist – en besta vinkona hennar hér var að flytja til Noregs svo hún er dálítið áttavillt núna, finnst allir vera að yfirgefa sig og ... og svo er svona smotterí, en það bara bætist ofan á allt ...

(Sp. Greinir þú einmanaleika eða ...?) Nei, ekkert beint ... það er þetta með pabbann og vinkonuna – henni finnst það rosalega mikil höfnun ... hún er alveg búin að vera að taka köst yfir því; hún er bara þú veist óörugg ... þetta safnast allt saman. Hún er rosalega mikið að flakka milli vinkvennanna núna; hún finnur ekki neinn, þær eru alveg félagar, en hún finnur enga svona fasta. Hún er rosalega opin, það hjálpar henni mikið ... en samt búið að vera vesen á henni núna; henni líður ekki nógu vel – eitthvað sem angar hana með þessu.

(Sp. Hefur hún hætt í tómsundum?) Já, hún hætti í ballett; ég fann ekki eins skóla á nýja staðnum. Hún var of lítil til að sakna þess en ég sá alveg hvað hún blómstraði í ballettinum, það hefði verið gaman að halda því áfram. Það er hægt að rekja þetta meira til skilnaðarins, en hann er auðvitað að hluta til hægt að rekja til þess með hrundi og fyrirtækið – og fór allt í kjölfarið hvert á öðru.

(Sp. Hefur þú nýtt þér einhver úrræði eða aðstoð vegna barnanna?) Ekki þegar ég flutti – bara svona seinna meir, þú veist hérna – ekki beint aðstoð, bara tala við kennara hennar og deildarstjórnann á leikskólanum og fá þær til að aðstoða mig ef það var eitthvað til að hjálpa henni – hún á soldið mikið erfitt með að einbeita sér og halda sér að verki og alls konar ...

V# 6 - (Einstæð móðir með þrjú börn á grunnskóla- og framhaldsskólaaldri)

(Sp. Hafa börnin getað haldið áfram að stunda sínar tómsundir?) Já, þær eru í fótboltanum.

(Sp. Hafði þetta einhver áhrif á krakkana – flutningarnir og allt í kringum það?) Ég veit það nú ekki, þeim gengur voða vel í skólanum öllum – það hefur alltaf gengið mjög vel.

(Sp. Hafa þau misst tengsl við féлага sína á gamla staðnum?) – Börnin þurftu að skipta um skóla. Þær eru mjög duglegar að fara og hitta vinkonur sínar á gamla staðnum. Sérstaklega yngsta; hún á vinkonu á gamla staðnum frá því í leikskóla og þær hittast alltaf þrisvar í viku á æfingum og svo fer hún dálítið og gistir um helgar.

(Sp. Hefurðu merkt einmanaleika eða kvíða?) – Ég hef nú ekki getað greint það; þær eru duglegar í félagslífi og skóla – en við getum ekki leyft okkur eins mikið og gera allt sem við viljum gera. Ég leyfi

þeim að fara svona einu sinni í mánuði í bíó, það var oftast áður. Ég lifði ekkert hátt fyrir hrun sko, þannig að það eru ekkert voðaleg viðbrigði þannig. En maður finnur fyrir því að vera einn og kaupa takkaskó – það er 16 þúsund kall og það fara ein til tvenn pör á ári, sérstaklega hjá þeirri eldri – hún er efnileg og æfir mikið.

(Sp. Hefurðu nýtt einhverja aðstoð eða ráðgjöf fyrir börnin?) – Nei.

(Sp. Hefði að þínu mati þurft einhver úrræði fyrir börnin?) – Ég veit það nú ekki. Ég held ekki. Ekki þannig held ég.

2.12 Greiðsluvandi

Þátttakendur voru spurðir hvort þeir hafi lent í vanskilum á síðustu 12 mánuðum með greiðslur af húsnæði. Svöruðu tæp 76% svarenda því neitandi, en 24% játandi, í flestum tilvikum með greiðslu á leigu íbúðarhúsnæðis. Aðeins þrír svarendur höfðu lent í vanskilum með greiðslu af húsnæðislánnum, sjá töflu 23. Framar hefur komið fram að flestir svarendanna búa í dag í leiguhúsnæði.


Tafla 23. Hefur einhvern tíma staðið þannig á, síðustu 12 mánuði, að þú hefur ekki getað greitt húsnæðislán eða leigu á eindaga vegna fjárskorts og þannig lent í vanskilum?

	Fjöldi	Hlutfall (%)
Nei	112	75,7
Já, með húsnæðislán	3	2,0
Já, með leigu	33	22,3
Alls	148	100,0

Hlutfall svarenda sem hefur verið í vanskilum er meirra en tvöfalt hærra en hlutfallið meðal landsmanna allra, samkvæmt skýrslu Hagstofu Íslands⁷ um fjárhagsstöðu heimilanna árið 2012. Í skýrslunni kemur fram að á árunum 2010–2012 höfðu um 10% heimila í landinu verið í vanskilum með húsnæðislán eða leigu einhvern tíma á síðastliðnum 12 mánuðum. Það er nokkur hækkun frá árunum 2008 (5,5%) og 2009 (7%) en stendur síðan í stað frá 2010.


Á mynd 13 er sýnd skipting vanskila eftir menntun svarenda. Hæsta hlutfall vanskila er meðal þeirra sem hafa lokið starfsmenntun og þar næst hjá þeim sem hafa lokið grunnskólamenntun eða minna. Lægsta hlutfall svarenda sem hefur lent í vanskilum á síðastliðnum 12 mánuðum reynist vera í hópi þeirra sem hafa lokið námi á háskólastigi.

⁷ Hagstofa Íslands 2012. Sótt 17. desember 2014 á <https://hagstofa.is/lisalib/getfile.aspx?ItemID=14985>.




Mynd 13. Vanskil, skipt eftir menntun svarenda. Fjöldatölur. N=147.

Á mynd 14 er sýnt hvernig vanskil skiptast eftir því hvort svarendur hafa nýtt sér úrræði eða ekki og reynist ekki vera munur á hópunum. Um 23% í báðum hópum hafa lent í vanskilum með greiðslu af leigu eða húsnæðislánnum.




Mynd 14. Vanskil, skipt eftir því hvort fjölskyldan hefur nýtt úrræði eða ekki. N=148.

Á mynd 15 er sýnt hvernig vanskil skiptast eftir sjálfsmati svarenda á líkamlegri heilsu. Sjá má fylgni milli vanskila og heilsufars á sama hátt og milli heilsu og tekna hér frammar, þannig að saman fara betri heilsa og minni vanskil.



Mynd 15. Vanskil, skipt eftir mati svaranda á líkamlegri heilsu. N=148.

Á mynd 16 er sýnd skipting vanskila eftir heimilisgerð, með og án barna og eftir fjölda barna. Alls hafði um fjórðungur fjölskyldna verið í vanskilum með greiðslur af húsnæði. Hæst er hlutfallið meðal fjölskyldna með eitt barn (32,3%) og lægsta hlutfallið er meðal fjölskyldna með tvö börn, 17,4%. Hlutfall barnlausra heimila í vanskilum var 21,6%.



Mynd 16. Vanskil með greiðslur af húsnæði, skipt eftir fjölda barna á heimili. Fjöldatölur. N=148.

2.13 Viðtöl um stöðuna í dag og framtíðarsýn

V#1 - (Giftur, launþegi, þrjú börn á grunn- og framhaldsskólaaldri, býr í leiguhúsnæði)

Þá (í maí 2015) er ég kominn með hreinan skjöld gagnvart Íbúðalánasjóði og þeir tilbúnir að fella restina niður. Ég er búinn að gera upp við bankann þannig að við erum komin í þá stöðu núna að vera með – hreint – hreint mannorð, þannig séð. (Sp. – Og samt á byrjunarreit eiginlega?) Já, við eigum engar eignir – við eigum launin okkar – og launin okkar eru bara talsvert mikið hærri en þau hafa nokkurn tíma verið. Við erum að borga (yfir 200) þúsund í húsaleigu – og ég sinni bara því viðhaldi sem verður að sinna. Húsið er farið að láta á sjá.

Stefnan hjá okkur er að flytja ekki úr sveitarfélaginu nema við flytjum til útlanda. Ég er búinn að sækja um 10–12 störf (í Svíþjóð) á undanförunum vikum. Ég er að sækja um „aktívt“. Ef ég get fengið vinnu úti þá fer ég og fjölskyldan öll. Það er ekki – verjandi að fara að taka lán á Íslandi. Lánakjör á Íslandi eru óverjandi að einu og öllu leyti. Gjörsamlega. Og laun og skattar eru mun hagstæðari í Svíþjóð.

Og ég er með þrjú börn sem eru komin á þann aldur að fara að kaupa sér hús, kaupa sér íbúð, koma sér fyrir og mér finnst bara heilmikið atriði að ég geti komið þeim úr landi í skynsamlegra kerfi.

V#2 - (Einstætt foreldri með eitt barn á grunnskólaaldri, öryrki, býr inni á ættingjum, er í leit að leiguhúsnæði)

Ég fór til umboðsmanns skuldara þegar ég missti eignina og fór í greiðsluaðlögun – og núna er ég bara eins og glæpamaður á svörtum lista af því ég fór í greiðsluaðlögun sem mér finnst mjög ósanngjarn. (Sp. Hvernig fór svo með greiðsluaðlögunina?) – Heyrðu – hún tók tvö ár og hérna – þeir gleymdu að láta mig vita, að tíminn væri liðinn – ég átti að fá bréf sko þegar ég væri laus úr greiðsluaðlöguninni og það var ekki fyrr en í fyrra, 2013, sem ég hringdi og spurði hvers vegna ég væri inni á Credit-info á svörtum lista eða svoleiðis og þá var það skoðað og: „Fyrirgefðu, þú varst búin í greiðsluaðlögun fyrir einu og hálfu ári síðan.“ (Hlær) Ég var bara enn inni á listanum sem vanskilakona og nú er það komið á hreint – þetta er allt annað í dag. Ég skulda ekki neitt.

(Sp. Og ertu þá komin í þau spor að þú getir aftur tekið lán?) – Já, svo um daginn þá fer ég til bankans míns og af því ég þarf að fara í tannviðgerðir út af lyfjum sem skemma rosalega tennurnar og ég spyr hvort ég geti fengið 300 þúsund króna yfirdráttarheimild. Svo fæ ég synjun – sögðu að saga mín væri ekki góð – ég er ekki lengur á vanskilaskrá – bara saga mín var þannig að ég fór í greiðsluaðlögun – og það var búin að skemma.

(Sp. Eru einhverjar breytingar fyrirsjáanlegar á stöðu ykkar?) – Ja, fyrir tveimur árum fór ég í iðnskóla og tók x-nám – og draumurinn er að fara til Svíþjóðar í x-nám að sérhæfa mig í (því). Það er tveggja ára nám.

(Sp. Er líklegt að þú farir í það?) – Það er rosalega erfitt að giska á það – barnsfaðir minn stoppar mig í að komast – með dótturina – deilur sem eru hjá sýslumanni. Var búin að selja helminginn af búslóðinni, skrá dótturina í skóla, búin að finna íbúð og hefði farið í júlí 2014 og átti bara eftir að kaupa flugmiðana þegar pabbinn sagði stopp.

Svo ég setti þetta á ársfrest – við erum með þetta hjá sýslumanni að reyna að semja eitthvað – sáttameðferð. – Þarf svo að byrja umsóknarferlið upp á nýtt í Svíþjóð. Mig langar að mennta mig í einhverju sem ég get unnið við með (þennan sjúkdóm).

V#3 - (Fráskilinn, atvinnulaus faðir í leiguhúsnæði með tvö börn á framhaldsskólaaldri)

(Sp: Eru fyrirsjáanlegar einhverjar breytingar hjá ykkur ...?) – Það eru allavega ekki fyrirsjáanlegar breytingar á búsetu – ekki nema þeir (Íbúðalánasjóður) selji íbúðina – ég stend í þeim sporum sem leigjandi hjá Íbúðalánasjóði að íbúðin verði seld í leigufélag – þeir eru að selja íbúðir – fólk sem er að lenda í því stendur alltaf uppi með það að það kemur nýr eigandi að íbúðinni – eitthvað leigufélag sem kaupir íbúðina af Íbúðalánasjóði. Og það fyrsta sem þeir gera er að segja upp leigusamningi og búa til nýjan samning með hærri leigu. – Ef leigan myndi hækka um helming þá yrði það mér ofviða.

(Sp. Hefur þú fengið tilkynningu um að það standi til?) – Ég fékk ekki neina tilkynningu um það – heyrði ávæning um að það færi að gerast – þetta með að leigufélögin taki yfir þessar blokkir og þá muni leigan alveg tvöfaldast.

(Sp. Eru fyrirsjáanlegar breytingar í sambandi við atvinnu eða fjárhag ...?) – Ég hef verið að leita að vinnu á ýmsum stöðum á Suðurnesjum – en það hefur verið rólegt – þetta er erfitt svæði atvinnulega séð. Það eru dálitlar sveiflur – hef sótt um á nokkrum stöðum en það eru ekkert endilega komin nein

svör – en það getur allt gerst í rauninni – svo kemur það á móti að ef ég fer að hafa einhverjar tekjur þá kemur bara króna á móti krónu sko af mínum bótum þannig að ég myndi ekki hækka neitt rosalega í tekjum þótt ég vinni fullan vinnudag. Til að bæta eitthvað ástandið – þá þarf ég að hafa svo rosalega mikið kaup – það hverfur svo mikið af bótum sem ég hef – skilurðu. – (Sp. Á móti launum?) – Já á móti launum – sem væri allt í lagi, en ég þarf að bæta svo miklu við til þess að ég hafi betra –

(Sp. Ef þú færir í fullt starf við þitt fag myndirðu þá ekki hafa betra upp úr því?) – Ég myndi hafa það svipað – það myndi ekki í rauninni gera neitt fyrir mig – og svo kemur kostnaðurinn af að aka á milli (í starfi á höfuðborgarsvæðinu).

V#4 - (Fráskilin móðir með tvö börn á leikskóla- og grunnskólaaldri, nýbúin með fjögurra ára nám á framhaldsskólastigi)

Ég leigi á 185 þús á mánuði. Leigufélag – árssamningur og ég verð alltaf í forgangi eftir ár – ef ekkert vesen er á mér – (það verður) meira öryggi.

Íbúðalánasjóður leigir íbúðir mjög ódýrt en ég fæ aldrei að leigja hjá þeim af því ég er gjaldþrota og skulda þeim pening og allt í tengslum við það. Það er rosalega mikið sem stoppar mig – ég get ekki haft rafmagn skráð á mína kennitölu – (rafmagnið) þarf að vera skráð á aðra kennitölu þótt ég borgi alltaf allt á réttum tíma í dag.

Ég gat leigt hér með því að vera með þrjá ábyrgðarmenn og meðmæli frá Byggingafélagi námsmanna þar sem ég hef alltaf borgað alla reikninga og aldrei verið neitt vesen. Bara guði sé lof, en Íbúðalánasjóður – það þýðir ekki einu sinni að senda inn umsókn. Ég hef prófað að senda umsókn og hringja en ég get bara gleymt því af því ég er á lista hjá Creditinfo.

Svo er gjaldþrotið búið núna í janúar og þá vona ég að ég geti farið að leita að íbúð til að kaupa, því leiguverðið er mjög hátt – lægra að borga af eigin húsnæði. Það er ekkert hægt að ráða við leiguverðið. Er að borga það sem tíðkast í þessu hverfi (úthverfi á höfuðborgarsvæði). Ódýrara í Keflavík. Mér finnst það dálítið hátt og allir sem ég nefni það við finnst það alveg út í hött.

En lögfræðingarnir – ég leitaði til þeirra eftir nauðungarsöluna þegar ég fór að vinna í þessum málum eftir að ég flutti á höfuðborgarsvæðið, því þá fór ég auðvitað að sjá að ég þurfti að laga kennitöluna mína svo ég geti gert eitthvað og fór þá að vinna í því. Ég sé eftir að hafa eytt tíma í umsjónarmann skuldara (óskýrt) í hálf ár og svo að vera að reyna að vera í einhverju sambandi við þau og ... ég hefði bara átt að fara bara beint í gjaldþrotið strax.

Það verður alltaf merki á mér, það er alltaf smá ör – það sést í öllum bönkum: Var einu sinni gjaldþrota.

Erfiðast og leiðinlegast var þegar ég var ég var að leita að lögfræðingi. Ég var náttúrulega með frekar flókin mál; ég var með gjaldþrota fyrirtæki og einstakling – eins og ég spyr mig í dag – ég gerði bara mig gjaldþrota. Ekki fyrirtækið en fyrirtækið er þannig séð gjaldþrota – getur einhvern tímann, þegar ég er orðin hrein aftur, getur þá dottið á mig rukkun aftur fyrir fyrirtækið – af því ég er ábyrgðaraðili fyrir fyrirtækið?

Ég borgaði ca 150 þúsund fyrir gjaldþrotið og fékk fjölskylduaðstoð til þess sem ég ætla að reyna að borga aftur.

Ég held að fyrirtækið hafi líka verið gert gjaldþrota – veit ekki alveg – ég er aldrei 100% viss. Ég náði ekki að mæta – ég átti að mæta í dómstól en var í prófum – og reyndi að hringja svo og tékka á því en ég fékk aldrei að vita hvað kom út úr þessu ... ef ég vissi að fyrirtækið væri orðið gjaldþrota þá gæti maður slakað dálítið meira á ...

(Sp. Fékkstu ekki bréf um niðurstöðu ...?) Nei, mjög skrítið – ekkert um fyrirtækið, fékk bréf um það hvenær ég átti að mæta varðandi fyrirtækið í dómstólum. Fyrirtækið var (gjaldþrota) síðar en ég sjálf varð gjaldþrota. (Sp. Reyndirðu aftur að hringja í dómstólinn?) Nei, bara þetta eina skipti, eftir

þetta ... og ... (Sp. Gætirðu kannski hringt aftur og pantað viðtal til að fá útskýrt stöðuna á fyrirtækinu?) – Já, ég vil bara ekki vekja upp dæmið – ég er svolítið hrædd við það ... að ... ég vil leyfa þessu öllu að ... hverfa ... maður veit ekkert hvernig maður á að reyna að bregðast við þessu ... maður þyrfti að reyna að hringja nafnlaust einhvern veginn ... en það er auðvitað ekki hægt út af ... með ... þetta er allt svo flókið eitthvað ... þetta eru svo auðveldir hlutir að ... af hverju að hafa þá svona flókna?

Það er allt svo ósanngjarnt í lánnum á Íslandi; þú borgar aldrei niður höfuðstólinn, mesta lagi að þú náir að borga af vöxtunum, öðru vísi á hinum Norðurlöndunum og í Bandaríkjunum til dæmis. Lánin lækka aldrei hér, þau hækka bara. Þetta er bara rugl sko. Maður veit ekki hvort maður treystir sér til að taka aftur lán hérna út af þessu ... ég held ég myndi frekar flýja land.

(Sp. Hefurðu lent í vanskilum á undanförunum mánuðum með leigu?) – Ég byrja á að greiða leigu, hugsa um matinn eftir á. Ég er búin að brenna mig – ætla ekki að brenna mig aftur; ég frekar svelt mig og borga leiguna heldur en að kaupa í matinn fyrst.

(Sp. Hefurðu lent í vanskilum með önnur lán?) – Ekkert eftir að ég byrjaði upp á nýtt. Ég hef staðið við allt saman, geri það bara strax. En auðvitað eru örðugleikar. Ég set bara bensín á bílinn einu sinni í mánuði og svo labba ég bara þegar bensínið er búið. Farið í Bónus bara fyrsta (dag mánaðar) og vona það dugi og svo er bara ekki til matur. Auðvitað rosalega erfitt með það en ég borga lánin – það er það eina sem ég er alveg hörð á – ekkert vesen með það.

(Sp. Nú ertu á tímamótum – nýlokið nám og nýkomin í nýja leiguíbúð – eru fyrirsjáanlegar einhverjar meiri breytingar?) – Ég byrjaði 2012 í þessari vinnu, samningsvinnu vegna námsins. Það eru ekki full laun. Næsta ár verð ég búin með samning og þá er auðvitað spurning hvort ég verð atvinnulaus eða hvort þeir vilja ráða mig áfram í vinnu. Ómögulegt að vita það núna. Ég vona innilega að ég haldi vinnunni. Þeir gefa ekkert upp. Það kemur bara í ljós hver staðan hjá þeim er þegar ég er búin á samningnum. Ég er bara tilbúin ef það kemur upp á að segja upp leigunni strax og þá lendir maður bara aftur á götunni ... ég ætla ekki að taka áhættuna á að geta ekki borgað.

(Sp. Geturðu þá flutt inn á ættingja eða ...?) Nei, eiginlega ekki. Í versta falli sef ég í bílnum – en ég hef engar áhyggjur af því.

V#5 - (Atvinnulaus, barnlaus, tímabundið óvinnufær vegna veikinda, engar tekjur né bótaréttur eða fjárhagsaðstoð, býr tímabundið inni á vandalausum)

Ég er bara núna á lista hjá Creditinfo – og (skuldin hjá) Íbúðalánasjóði er dauð skuld skilst mér – þeir fara ekki eftir mér – en ég get hins vegar aldrei gert neitt hjá þeim – sumir segja næstu fimm – aðrir segja 10 ár. (Staða mín) er þannig að ég get sótt um (húsnæðislán) eftir fimm ár frá uppboði, sem sagt 2017 get ég sótt um hluta af niðurfellingu á láninu, þessum 15 m.kr. en eftir 10 ár fynist lánið. Svo skilst mér að ef ég færi í annan banka þá tengist þetta allt í (gagna)grunninum hjá þeim; þá sjást skuldir og uppboð og þar af leiðandi fæ ég ekki lán og þar af leiðandi má ég ekki eiga neitt.

Ég hef ekki haft neinar tekjur síðan í ágúst. Leigumarkaðurinn er þannig að menn heimta tvo til þrjá mánuði fyrirfram. Það tæki mig einhverja mánuði að safna því. Það eina sem bjargar því að ég er ekki útigangsmáður er að (ættingi fyrrverandi kærustu) veitir mér húskjól. Hann var með tvö aukaherbergi því börnin eru farin að heiman. Ég hef það allavega fram að áramótum en ég veit ekki hvað ég geri þá. Mjög lítið af vinnu að hafa – svo lenti ég í bakverkjum í vor og er óvinnufær. Er kominn með brjós-klos, byrjaði í sjúkrahjálfun í þessari viku. Það er í gegnum Virk. Þau redduðu líka sálfræðingi. Þannig að þannig er staðan, maður upplifir sig ekki sem virkan. (Sp. Ertu á atvinnuleysisbótum eða með fjárhagsaðstoð frá sveitarfélagi?)

Nei, hvorugt. Ég hérna ... það var sótt fyrir mig um endurhæfingarlífeyri gegnum Virk og það tekur átta vikur að fara í gegnum ferli. Þá ætti ég að fá svör. Ef það gerist ekki – þá er ekki neitt – það er frá Tryggingastofnun. Það er tímabundin örorka. Ég borga ekki leigu eins og er ... en ég vil nú ekki íþyngja þessu fólki – er þar lítið – sef þar bara, borða ekki þarna og þarna – hugurinn er að komast á

vinnumarkaðinn, en það er bara búið að vera erfitt – get ekki lyft hlutum, þá fæ ég í bakið – langar mest að komast á sjóinn – en ef ég næ ekki að laga þetta þá er það bara óraunhæft. Ég þekki það síðan ekki með styrki og svoleiðis ...

Ég ... er bara ... sko ... afleiðingarnar (af nauðungarsölunni) eru bara þær – að maður er bara mjög illa staddur. Ég er inni á lista hjá Creditinfo – Eg fæ enga aðstoð frá bönkunum og ... og hérna ... ef ég ætlaði að leigja sem ég þarf að gera – sem ég er að reyna að púsla einhvern veginn saman, þarf ég að eiga fyrir – þarf ég að eiga, skal ég segja – fyrirframgreiðslu – tryggingu – og – já, maður verður að segja að afleiðingarnar eru bara þær að maður er orðinn gjörsamlega óvirkur – þjóðfélagsþegn. Það er bara þannig.

(Sp. eru einhverjar breytingar hjá þér á döfinni?) – Já, sko ég er vongóður um breytingar; vona að bakið komist í lag svo ég komist aftur á vinnumarkaðinn. Svo tekur það tíma að koma sér upp peningasjóði til að komast á leigumarkaðinn. Stefnan er þetta tvennt fyrst og fremst – bakið og vinnumarkaður. En svo líka að taka til í fjármálunum, koma því í skikk. En geri mér grein fyrir að það á eftir að taka dágóðan tíma. (Sp. En skóli?) – Langar til þess, hef langað til þess í þrjú til fjögur ár. Var að hugsa um fjarnám. En af því hvernig ég er staddur í fyrra námi er það erfitt (ólókið grunnskólanám), ekki svo margt í boði.

V#6 - (Fráskilin móðir, þrjú börn á heimili, í fullu starfi)

Ég má ekkert eiga í þrjú ár. Er ekki gjaldþrota. Er ekki með alveg á hreinu hversu mörg ár þarf að líða. Ég held það séu þrjú ár, veit ekki frá hvaða degi það er talið. Er það frá uppboðsdegi eða frá uppgjörssdegi þegar hann (sýslumaður) sendir bréf um að þetta sé búið og búið að greiða öðrum kröfuhöfum, t.d. fasteignagjöldin, sveitarfélaginu og allar svona minni – skuldhafa? Það þurfti að borga það og eitt lán frá Sparisjóðnum, það var ekki með veði í húsinu og það er enn inni. Því láni var skipt á milli okkar (hennar og fyrrv. eiginmanns) og ég fékk 16 hundruð og hann 16 hundruð. (Sp. Og ertu enn að borga af því láni?) – Já. Eða ég hef eiginlega ekkert getað borgað af því núna sko. (Sp. Ertu þá í vanskilum með það eina lán?) – Já. En mér var samt sagt í bankanum að það ætti að fyrnast eins og hitt. (Sp. Þó að það sé ekki með veði í húsinu?) – Já, af því að það mætti enginn frá Sparisjóðnum þegar uppboðið fór fram. Þeir áttu lítið lán í húsinu, veðlán, og þeir mættu ekkert í það. Þeir bara ... eins og ég segi, ég skil þetta nú ekki alveg – ég hef aldrei fengið rukkanir vegna þessa 1600 þúsund króna láns. Það kom fyrst inn í heimabankann en svo hvarf það þaðan og ég hef ekkert séð um það síðan.

Ég skulda ekki neitt nema eitthvað sem er bara svona tímabundið og ég skulda bankanum t.d. ekki neitt, skilurðu, en ég get samt ekki gert neitt af því ég er á svörtum lista út af þessu láni sem stendur út af; þessu 1600 þús. króna láni, er á svörtum lista út af því. Þess vegna þarf að líða ákveðinn tími.

(Sp. eru einhver úrræði sem þér finnst eftir á að hyggja að þú hefðir þurft að nýta þér? Jafnvel eitthvað sem þér var aldrei bent á?) – ... mér er sagt að ég eigi ekki rétt á hinum og þessum úrræðum af því ég er með allt of háar tekjur, skilurðu. Til dæmis sérstakar húsaleigubætur. Ég veit að fullt af fólki er að fá það en ekki ég af því ég er með svo háar tekjur. Þetta er ótrúlegt – ég fæ 225 þúsund útborgað á mánuði og ég er að leigja á 110 þúsund. Svo er hérna hiti og rafmagn og svo er dýrt að búa svona langt frá öllu, 5,5 km í vinnuna. Mjög fáar strætóferðir, skárra samt á veturna, en á sumrin er þetta alveg glatað, þá fækkar ferðunum og það telur alveg því bensínið er ekki alveg ókeypis. En það var ekkert hægt að gera fyrir mig hjá Reykjanesbæ eða félagsþjónustunni út af of háum tekjum. Ég fæ náttla meðlag og barnabætur fyrir stelpurnar tvær.

En það er ekki mikið eftir þegar að ... skilurðu ... ég er ekki með neina sjónvarpsstöð. Sjónvarpið er meira að segja bilað – þannig að ég á ekki einu sinni sjónvarp.

Þetta hefst bara með því að ég er að vinna alla virka daga til sjö. Svo skúra ég – ég er í þremur vinnum sko, það er (aðalvinnan) og ég skúra á þremur stöðum (langt á milli staðanna).

(Sp. Þú ert þá ekki í neinum vanskilum í dag? Þú talaðir um þetta eina lán sem þú hefur reyndar ekkert verið rukkuð um ... Það eru þessi 1600 þúsund og ...?) – Ég reyndar skulda þrjú mánuði í húsaleigu og svo er svo sem ekkert annað – jú, svo er bara einn mánuður í hitaveitu. Ég borga alltaf svona einum reikningi meira en ég í raun og veru GET borgað.

(Sp. Viltu bæta einhverju við í lokin um þetta allt saman – fjárhaginn eða húsnæðismálin ...?) – Aðallega hvað það er ekkert í boði fyrir þá sem hafa misst; þú ert bara komin á þennan svarta lista hjá Creditinfo og það er bara ekkert hægt að gera fyrir þig og það er nánast alveg sama hvar þú drepur niður ... skilurðu.

(Sp. En ertu þá laus allra mála eftir þessi þrjú ár, er það sett þannig upp?) – Já, mér skildist það allavega. Ég held það telji samt frá þeim tíma sem sýslumaður gefur stimpil og er búinn að fara yfir skjölin og Íbúðalánasjóður búinn að gera upp við hina kröfuhafana. Ég er nú ekki með þetta alveg á hreinu. Uppgjörið tók mjög langan tíma – það var bara brjáláð að gera í þessu dæmi.